Einnig má færa rök að því að fjármálamarkaðir séu líklegri til þess að þróast og verða dýpri þegar gengi er fast vegna minni gengisáhættu. Um þetta eru þó skiptar skoðanir. Um hitt er meira samkomulag um að flæði fjármagns á milli landa verður að öllu jöfnu meira þegar trúverðug fastgengisstefna er í gildi. Þá er gengisáhætta lítil og fjármagnseigendur geta beint fjármagni sínu til þess lands sem gefur hæsta ávöxtun.

Með svipuðum rökum má segja að raunvextir verði lægri þegar gengi er fast vegna þess að gengisáhætta er minni en ef gengið flýtur. Ef, svo dæmi sé tekið, Ísland tekur upp evruna þá er næsta víst að langtímavextir lækka vegna þess að unnt verður að fá fjármagn að láni án þess að greiða fjármagnseigendum áhættuuppbót vegna gjaldmiðilsins.

Segja má að meðal kosta fastgengisstefnu séu möguleg aukin alþjóðaviðskipti vegna þess að með henni sé auðveldara en ella að ráðast í markaðsstarf í útlöndum sem felur í sér umtalsverða fjárfestingu vegna þess að óvissa um framtíðartekjur sé minni. Þannig er minni óvissa því samfara að vinna markaði þar sem sami gjaldmiðill er notaður en þegar sótt er út fyrir gjaldmiðilssvæðið vegna þess að sú staða getur ekki komið upp að gengishækkun rýri afrakstur markaðsstarfsins í framtíðinni. Aukin utanríkisviðskipti kalla svo á aukna sérhæfingu, hærri þjóðartekjur, meiri fjárfestingu og að öllum líkindum meiri hagvöxt. Um þetta verður fjallað nánar hér að aftan

Ókostir fastgengisstefnunnar eru einnig miklir. Í fyrsta lagi verður erfiðara að bregðast við þjóðhagslegum hnykkjum vegna þess að hendur stjórnvalda eru bundnar að því er varðar peningamál. Í niðursveiflu verður þá kaupmáttur launa að lækka ef atvinnuleysi á ekki að aukast en slíkt getur ýmist verið illfrámkvæmanlegt eða tekið mjög langan tíma. Hagkerfi sem búa við fast gengi eiga oft í erfiðleikum með að glíma við afleiðingar

ýmissa þjóðhagslegra hnykkja. Sem dæmi má nefna breytingar á viðskiptakjörum og vaxtabreytingar erlendis. Þegar vextir hækka á heimsmarkaði verður viðkomandi land að hækka vexti sína. Annars er fastgengisstefnunni ógnað og þetta gerist sjálfkrafa ef landið er hluti af stærra myntsvæði. Vaxtahækkunin getur komið landi illa ef efnahagur þess er í lægð og ekki er þörf á aðhaldssamri hagstjórn. Hriktir þá oft í stöðum fastgengiskerfisins þegar spákaupmenn fara að veðja gegn stefnunni og byggja spár sínar á því að stjórnvöldum sé ekki stætt á að standa frammi fyrir efnahagslegri kreppu heima fyrir, einungis í þeim tilgangi að viðhalda ákveðnu skipulagi peningamála. Þessi var raunin þegar fastgengiskerfi Evrópulandanna hrundi haustið 1992. Þá höfðu vextir hækkað mikið í Þýskalandi vegna þess að þýski seðlabankinn var að stemma stigu við áhrifum aukinna ríkisútgjalda sem voru samfara sameiningu landsins. Þá neyddust önnur Evrópulönd sem fylgdu fastgengisstefnu einnig til þess að hækka vexti, jafnvel meira en Þjóðverjar, til þess að bæta fjárfestum áhættuna af mögulegu gengistapi. Þessi peningamálastjórn olli kreppu heima fyrir og spákaupmenn tóku stöður á móti fastgengiskerfinu sem hrundi, með einni undantekningu þó: Frökkum tókst að verja gengi síns gjaldmiðils með hávaxtastefnu. Afleiðingin varð langvarandi atvinnuleysisvandi sem hugsanlega hefur kynt undir þann óróa sem nú ríkir í Frakklandi.

Í öðru lagi býður fastgengiskerfi heim hættu á „spákaupmennskuárás“ sem getur valdið skyndilegri og mikilli gengislækkun. Þá er fjármálastöðugleika ógnað. Ef erlendar skuldir eru miklar getur gengislækkunin valdið rýrnun eigin fjár fyrirtækja, heimila og banka. Slíkt getur breytt hegðun þessara aðila, útlán og efnahagsstarfsemi dragast saman. Ef gjaldþrotum fjölgar mikið eykst hækka á bankakreppu. Ef fastgengisstefnu er fylgt vegna ónógs trúverðugleika stjórnvalda ýtir það undir aukningu á erlendum lántökum. Fastgengisstefnan ýtir, eðli máls samkvæmt, undir væntingar um stöðugt gengi sem örvar slíkar lántökur. Skuldsetning fyrirtækja, heimila og banka verður því að sama skapi viðkvæm gagnvart gengisbreytingum. Ef þjóðhagslegir hnykkir valda því að jafnvægisgengi gjaldmiðils verður mun lægra heldur en gengismarkmið stjórnvalda er hætta á spákaupmennskuárás sem getur valdið skyndilegu og miklu gengishrapi. Hagkerfið er þá viðkvæmara gagnvart slíkum hnykkjum og einnig á það erfiðara með að eiga við afleiðingar þeirra. Þegar gengi er látið fljóta er auðveldara að bregðast við áföllunum og þá er einnig ólíklegt að gengi breytist jafnskyndilega og jafnmikið og þegar fastgengisstefnu er fylgt. Þess vegna er hætta á fjármálalegum óstöðugleika meiri. Dæmin sanna að í svo til öllum tilvikum þar sem slíkur óstöðugleiki hefur orðið undanfarna áratugi hefur fastgengisstefnu verið fylgt.¹¹

Í þriðja lagi er ljóst að fastgengisstefnan felur í sér missi sjálfstæðrar peningastefnu. Seðlabanki verður stöðugt að haga vaxtaákvörðunum sínum á þann veg að gengi gjaldmiðils sé fast. Í fjórða lagi koma vaxtahækkanir erlendis strax fram í hærri vöxtum innan lands.

¹¹ Argentína í upphafi níunda áratugarins; Chile árið 1981; Kólumbía, Mexíkó, Perú og Úrugvæ árið 1982; Svíþjóð, Noregur og Finnland í lok níunda og í upphafi tíunda áratugarins; Mexíkó árið 1994; og Kórea og Tæland í lok níunda áratugarins.

Nú verður lýst helstu kostum sem fyrir hendi eru ef stjórnvöld ákveða að taka upp fastgengisstefnu.

2.2.1 Myntráð

Myntráð felur í sér að lögfest er sú skuldbinding að ætíð sé hægt að skipta innlendum gjaldmiðli fyrir erlendan gjaldmiðil á ákveðnu föstu gengi. Innlendir gjaldmiðill er því eingöngu gefinn út gegn innstæðu í erlenda „akkerisgjaldmiðlinum“. Ef notast er við myntráð er ekki um hefðbundna seðlabankastarfsemi eins og peningamálastjórn að ræða. Oftast kemur myntráð í stað seðlabanka. Skipulag myntráðs er í stórum dráttum eftirfarandi:¹²

- *Erlendur gjaldmiðill notaður sem akkeri.* Erlendi gjaldmiðillinn er valinn út frá því hversu stöðugur hann er og notkun hans útbreidd. Bandaríkjadalur eða sterlingspund hafa yfirleitt verið notuð sem akkerisgjaldmiðill, enda útbreiddustu gjaldmiðlar heims, en undanfarin ár hefur færst í vöxt að evran sé notuð í þessum tilgangi. Þá hefur gull verið notað sem akkeri í nokkrum tilvikum.
- *Skiptanleiki.* Gengi innlenda gjaldmiðilsins og akkerisgjaldmiðilsins er fest og er eftir það óhagganlegt. Myntráð ákveður hvernig staðið skuli að því að innleysa útgefna innlenda seðla og mynt í akkerisgjaldmiðlinum.
- *Varasjóður.* Myntráð heldur úti gjaldeyrissjóði sem er jafnmikils eða meira virði en magn innlendrar myntar í umferð.

Starfsemi myntráðs er í eðli sínu hlutlaus í þeim skilningi að ekki er unnt að beita virkri peningamálastefnu og þess vegna tekur myntráð ekki þátt í hagstjórn viðkomandi lands. Markmið ráðsins er ekki að hafa áhrif á hagsveiflur, verðbólgu eða aðra þróun hagstærða í efnahagslífinu. Innlend stjórnvöld geta sömuleiðis ekki tekið lán hjá myntráðinu.

Starfsemi myntráðs hefur í för með sér nokkurn hagnað vegna þess að vaxtatekjur af varasjóðunum eru meiri en sá kostnaður sem fellur til við að gefa út seðla og mynt. Þessi hagnaður hefur verið metinn á allt að 1% af landsframleiðslu á ári.¹³ Ef starfsemi myntráðsins er trúverðug munu verðbólga og vaxtastig í myntráðsríkinu verða svipuð og hjá því ríki sem gefur út akkerisgjaldmiðilinn. Sú staða getur þó vissulega komið upp að trú á innlendu myntina rýrni eða tapist en slíkt leiðir til misvægis sem yfirleitt veldur fyrr eða síðar gengisfalli innlendu myntarinnar. Argentína er þekktasta dæmið um myntráð sem á endanum riðaði til falls.

Myntráð hefur einkum verið tekið upp þegar innlendir gjaldmiðill nýtur ekki trausts, einkum þó ef hann hefur um langa hríð haft veika stöðu gagnvart stærstu gjaldmiðlum heims. Sýnt hefur verið fram á að til lengri tíma er aðeins um helmingur af gjaldmiðlum

¹² Schuler (2001).

¹³ Ibid.

iðnvæddra ríkja jafntraustur og stærstu gjaldmiðlar heims og um 5% af gjaldmiðlum í þróunarlöndunum.¹⁴ Af þessu má ráða að myntráð gæti komið til greina fyrir mörg ríki heims. Því hefur verið haldið fram að myntráð eigi best við í litlu hagkerfi með mikil utanríkisviðskipti en myntráð hafa verið starfrækt í öllum tegundum hagkerfa, stórum, litlum, öpunum og lokuðum.

Myntráð kom fyrst fram á fyrri hluta 19. aldar þegar hagfræðingar hins svokallaða „gjaldmiðlaskóla“ settu fyrst fram hugmyndina um það og hafa yfir 70 ríki á einhverju tímabili nýtt sér slíkt gengisfyrirkomulag. Á miðri 19. öld voru uppi hugmyndir um að breyta Englandsbanka í myntráð en seðlabankafyrirkomulagið varð ofan á. England var leiðandi ríki í alþjóðaviðskiptum og fjármálum á þessum árum og því fylgdu mörg önnur ríki í kjölfarið og stofnuðu sinn eigin seðlabanka að fyrirmynd þess breska. Fyrsta myntráðið var sett á laggirnar á bresku nýlendueyjunni Míritíus árið 1849 og síðan hefur svo verið gert í fleiri ríkjum breska heimsveldisins, í Afríku, Asíu og á eyjum í Karíbahafinu og Kyrrahafinu. Nú á tímum er myntráðið í Hong Kong eflaust þekktasta dæmið um slíkt fyrirkomulag en Hong Kong dalurinn hefur verið festur við Bandaríkjadal frá árinu 1983. Argentína tók upp myntráð árið 1991 þegar argentínski pesinn var festur við Bandaríkjadal en því lauk í janúar árið 2002. Í Eystrasaltsríkjunum hafa einnig verið starfrækt myntráð. Í Eistlandi var gjaldmiðillinn festur við þýskt mark árið 1992 og síðar evru og Litháen fylgdi í kjölfarið og tók upp myntráð árið 1994 með Bandaríkjadal sem akkeri. Árið 2002 var akkerisgjaldmiðlinum hins vegar breytt í evru.

2.2.2 *Einhliða fastgengi*

Einhliða fastgengi felur það í sér að seðlabanki ákveður að festa gengi gjaldmiðils viðkomandi lands einhliða við annan gjaldmiðil. Bankinn ákvarðar þá gengið og ver síðan tenginguna með gjaldeyriskaupum og -sölu. Við vissar aðstæður er hægt að ná fram auknum trúverðugleika og minni viðskiptakostnaði með einhliða fastgengi en ef fjármagnsflutningar eru frjálssir. Þá er alla jafna nær útilokað að halda þessu fyrirkomulagi til streitu. Fyrr eða síðar kemur að því að trúin á innlenda gjaldmiðilinn brestur.

Bent hefur verið á að heppilegt gæti verið fyrir Ísland að festa gengi krónunnar einhliða við evru. Þetta gengisfyrirkomulag hefur marga þá sömu vankanta og sú sveigjanlega fastgengisstefna sem rekin var hér á landi áður en gengið var sett á flot árið 2001. Þau vandamál gætu þó orðið mun erfiðari en áður þar sem evran endurspeglar ekki utanríkisviðskipti landsins með sama hætti og karfa með gjaldmiðlum allra helstu viðskiptalanda gerir.¹⁵ Hagkvæmara er fyrir ríki sem á viðskipti við mörg lönd að festa gjaldmiðil sinn við myntkörfu en við einn tiltekinn gjaldmiðil.

¹⁴ Ibid.

¹⁵ Arnór Sighvatson, Már Guðmundsson og Þórarinn G. Pétursson (2001).

Dollaravæðing

Svonefnd dollaravæðing er eitt dæmi um einhliða ákvörðun í gengismálum en nafnið er dregið af því að í byrjun tuttugustu aldarinnar skiptu nokkur lönd Mið-Ameríku alfarið á gjaldmiðli sínum og dollurum. Þetta var gert í kjölfar mikils efnahagslegs óstöðugleika sem ríið hafði gjaldmiðlana trausti. Yfirleitt er dollaravæðing afleiðing uppgjafar stjórnvalda í eigin peningamálum. Þau draga úr útgáfu innlands gjaldmiðils – eða hætta henni jafnvel alveg – og taka þess í stað upp traustan erlendan gjaldmiðil, til dæmis Bandaríkjadal eða evru.

Dollaravæðing getur einnig átt sér stað án íhlutunar stjórnvalda. Þá nær erlendur gjaldmiðill fótfestu í viðskiptum innanlands vegna þess að trúverðugleiki innlenda gjaldmiðilsins minnkar. Í meginatriðum er hægt að skipta dollaravæddum ríkjum í þrennt: óopinberlega dollaravædd ríki, hálfopinberlega dollaravædd ríki og opinberlega dollaravædd ríki.¹⁶

Í óopinberlega dollaravæddum ríkjum er meginhluti eigna almennings í erlendum gjaldmiðli, svo sem erlendum skuldabréfum, seðlum eða innstæðum í innlendum og erlendum bönkum, þrátt fyrir að fyrir hendi sé innlendir lögeyrir. Þessi útfærsla dollaravæðingar er afleiðing þess að innlendi gjaldmiðillinn hefur reynst óstöðugur og verðbólga mikil. Almenningsur freistar þess því að tryggja verðgildi eigna sinna með því að koma þeim yfir í annan gjaldmiðil. Þessi óopinbera dollaravæðing getur þó hrundið af stað atburðarás sem grefur enn frekar undan innlenda gjaldmiðlinum þar sem mikil og skyndileg eftirspurn eftir erlendum gjaldmiðlum getur veikt gengi innlenda gjaldmiðilsins til muna og jafnvel orsakað hratt vaxandi verðbólgu. Við þær aðstæður getur stjórn peningamála orðið máttlítil því að vextir á erlenda gjaldmiðlinum geta hugsanlega skipt meira máli en vextir á þeim innlenda.

Með hálfopinberri dollaravæðingu er átt við að tvöfalt gjaldmiðlakerfi sé við lýði. Innlendi gjaldmiðillinn er þá aðallega notaður í almenn neysluútgjöld, greiðslu launa og skatta, en sá erlendi, sem einnig er gildur sem lögeyrir, er einnig mikið notaður, einkum sem sparnaður. Þau ríki sem fylgja þessari stefnu hafa sinn eigin seðlabanka og geta upp að vissu marki notað peningamálaaðgerðir til þess að hafa áhrif á þróun innlands efnahagslífs.

Fullkomlega opinber dollaravæðing á sér stað þegar erlendur gjaldmiðill er notaður sem lögeyrir og almenningsur, jafnt sem opinberir aðilar, nota hann í viðskiptum. Fremur sjaldgæft er að ríki dollaravæðist opinberlega en þó hafa nokkur fyrrverandi nýlenduríki valið þá leið. Þeirra stærst og þekktast er án efa Panama sem hefur verið dollaravætt frá árinu 1907.¹⁷

¹⁶ Shuler (2005).

¹⁷ Edwards og Igal (2003).

Dollaravæðing og myntráð eru nátengd fyrirbæri en fyrrnefnda fyrirkomulagið hefur þann kost umfram það síðara að trúverðugleiki þess er meiri. Þegar ríki dollaravæðist er ákvörðunin nánast óafturkræf. Við opinbera dollaravæðingu er sjálfstæð peningamálastefna gefin upp á bátinn en þess í stað er tekin upp sú stefna í peningamálum sem ríkið sem gefur út gjaldmiðilinn sem tekinn er upp fylgir. Vaxtakjör verða áþekkt þeim sem ríkja í útgáfuríki erlenda gjaldmiðilsins. Þar sem trúverðugleiki þess gjaldmiðils fylgir með í kaupunum getur dollaravæðing leitt til aukins stöðugleika í innlendu efnahagslífi. Að auki getur alþjóðavæðing aukist vegna þess að viðskiptakostnaður lækkar þegar hætt er að nota innlendan gjaldmiðil.

Óstöðugt efnahagsástand og dvínandi trú á innlendan gjaldmiðil eru helstu ástæður þess að lönd ákveða að dollaravæðast. Opinber dollaravæðing getur einnig átt sér stað ef óopinber dollaravæðing hefur þegar farið fram í viðkomandi landi en þá eru stjórnvöld í raun eingöngu að viðurkenna orðinn hlut. Forsenda þess að lönd dollaravæðist er sú að almenningur í landinu sé tilbúinn til þess að kasta innlendu myntinni fyrir róða. Treglega getur gengið að ná samstöðu um slíkt í þeim löndum þar sem rík og löng hefð er fyrir innlendum gjaldmiðli og til dæmis er nær óhugsandi að ímynda sér að þetta fyrirkomulag gæti verið tekið upp á Íslandi. Framsal stjórnar peningamála í hendur annarra ríkja myndi trúlega, að flestra mati, fela í sér óásættanlega skerðingu á sjálfstæði þjóðarinnar. Því til viðbótar má benda á að algjörlega er óþekkt að snúa baki við jafntraustum gjaldmiðli og íslenska krónan er um þessar mundir.

2.3 Tvíhliða tenging

Tvíhliða tenging felur í sér að gengi tveggja gjaldmiðla er njörvað niður og peningamálayfirvöld í þessum tveimur löndum taka síðan saman höndum um að verja gengið. Tæknilega væri mögulegt að tengja íslensku krónuna tvíhliða við evru í stað þess að taka beinlínis upp evru en slík tenging er þó að öllum líkindum ekki í boði fyrir ríki sem standa utan Evrópusambandsins. Ávinningur þessarar úrfærslu í gengismálum er aukinn trúverðugleiki og lægri viðskiptakostnaður en áður.

Danir hafa um árabil fylgt fastgengisstefnu. Danir eru aðilar að Evrópusambandinu en hafa kosið að standa utan við myntbandalag þess. Í dag er fastgengisstefnan í formi tvíhliða tengingar á milli dönsku krónunnar og evru. Þetta gjaldmiðlasamstarf er kallað ERM II og byggist á eftirfarandi þáttum:

- Miðgildi dönsku krónunnar gagnvart evru er ákveðið. Miðgildið er nú 746,038 danskar krónur fyrir hverjar 100 evrur.
- Almenn þölmörk frá miðgildi eru $\pm 2,5\%$, leyfileg sveifla dönsku krónunnar í kringum miðgildið er því á bilinu 729,252–762,824 danskar krónur fyrir hverjar 100 evrur.
- Peningamálayfirvöld í Danmörku og Seðlabanki Evrópu ákveða sameiginlega hvert miðgildið skuli vera.

- Gjaldmiðlasamstarfið má hvorki ógna verðstöðugleika evrusvæðisins né peningastefnu Danmerkur.
- Leyfð eru ótakmörkuð inngrip til þess að verja ytri mörk frávik frá miðgildi. Seðlabanki Evrópu má hætta einhliða inngripum til stuðnings samstarfsgjaldmiðlinum ef þær aðgerðir stefna á einhvern hátt markmiðum um verðstöðugleika á evrusvæðinu í hættu.

Þegar peningamálayfirvöld í „móðurlandinu“ gefa vilyrði fyrir því að þau muni hjálpa til við að halda gengi minni gjaldmiðilsins stöðugu skapast hætta á svokölluðum freistnivanda (e. *moral hazard*). Vandinn er fólgin í því að minna ríkið getur slegið slöku við í hagstjórn innanlands vegna þess að það veit að hið stærra mun taka þátt í að verja gengið. Sú hefur hins vegar ekki verið raunin í Danmörku og sveiflan í gengi dönsku krónunnar verið talsvert innan vikmarkanna síðustu ár. Auk Danmerkur eru Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Malta og Slóvenía hluti af myntsamstarfinu ERM II. Eitt af skilyrðunum fyrir fullgildri aðild að myntbandalagi Evrópu er að ríkin í ERM II hafi haldið gengi gjaldmiðla sinna innan vikmarka í að minnsta kosti tvö ár.

2.4 Myntbandalag

Tærasta birtingarform myntsamstarfs er þegar ríki ganga í bandalag um að nota sameiginlegan gjaldmiðil, líkt og Evrópuríkin hafa gert. Gjaldmiðillinn er þá notaður í öllum aðildarríkjum myntbandalagsins en ríkin afsala sér stjórn peningamála til sameiginlegs seðlabanka sem miðar peningamálastjórn sína við fyrir fram skilgreint meðaltal efnahagsástands – t.d. meðaltal verðbólgu – á hinu sameiginlega myntsvæði.

Myntbandalög eru ekki ný af nálinni. Árið 1865 ákváðu Frakkar, Belgar, Ítalir og Svisslendingar að nota staðlaða silfur- og gullmynt og tryggja þannig flæði fjármagns á milli landanna. Samstarfið sem kallað var latneska myntbandalagið leið undir lok við upphaf fyrri heimstyrjaldar. Sama hugsun lá að baki hins skandinavíska myntbandalags er áður var vikið að og Svíþjóð, Danmörk og Noregur stofnuðu til árið 1873.

Nokkur dæmi um sameiginleg myntsvæði þekkjast í dag og er myntbandalag Evrópu þeirra stærst og mikilvægast. Það var stofnað árið 1999 þegar tólf ríki Evrópusambandsins gengu í myntbandalag og þremur árum síðar tóku þau upp sameiginlegan gjaldmiðil sem hlaut nafngiftina „evra“. Strax við upptöku evrunnar varð hún næstmikilvægasti gjaldmiðill heims, einungis Bandaríkjadalur var mikilvægari. Líkur eru á því að evrusvæðið eigi eftir að stækka enn frekar þegar fleiri ríki ganga í Evrópusambandið. Í Mið- og Vestur-Afríku hafa 13 ríki, öll fyrrum franskar nýlendur, fest gengi gjaldmiðils síns við evruna.¹⁸ Þá hafa sex ríki í Vestur-Afríku ákveðið að stofna til sameiginlegs gjaldmiðils og sex olíuframleiðsluríki hafa lýst því yfir að þau stefni að sameiginlegum gjaldmiðli fyrir 2010. Einnig hefur verið umræða um

¹⁸ Mundell (2000).

sameiginlegan gjaldmiðil í Ástralíu og Nýja-Sjálandi.

Því er oft haldið fram að sjálfstæður gjaldmiðill sé mikilvægt tákni um að viðkomandi þjóð sé frjálst og fullvalda og því geta þjóðernissjónarmið valdið því að almenningur er oft tregur til þess að ganga í myntbandalag og fórna þar með gjaldmiðli þjóðar sinnar. Meðal annars af þessum sökum er nauðsynlegt að greina ítarlega bæði kostnað og ábata ríkis af inngöngu í slíkt bandalag.

Helsti ókostur þess að ganga í myntbandalag felst í því að viðkomandi þjóð afsalar sér stjórn á eigin peningamálum. Það þýðir að þjóð sem gengur inn í myntbandalag mun ekki geta breytt verði eigin gjaldmiðils, ákvarðað vexti eða peningamagn í umferð. Þær aðstæður geta þó hæglega skapast í innlendu efnahagslífi að æskilegt væri að geta haft áhrif á gengi gjaldmiðils. Slíkt á einkum við þegar eftirspurn, hagvöxtur og vinnumarkaður er mismunandi eftir ríkjum innan bandalagsins og þau fylgja mismunandi fjármálastefnu.

Vel þekkt eru skilyrði sem Nóbelsverðlaunahafinn Robert Mundell setti fram fyrir því að hagkvæmt geti talist fyrir lönd að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil en þau eru: í fyrsta lagi að nafnlaun séu sveigjanleg, í öðru lagi að hnykkir í efnahagslífinu séu samhverfir í löndunum og í þriðja lagi að vinnuafli sé hreyfanlegt milli landa bandalagsins.¹⁹ Til að útskýra þessi þrjú atriði nánar kann að vera gagnlegt að taka dæmi af tveimur löndum, Þýskalandi og Spáni, sem eru saman í myntbandalagi. Gefum okkur nú að heildareftirspurn þróist með ólíkum hætti í löndunum tveimur, þ.e.a.s. að ósamhverfir hnykkir verði sem valdi því að eftirspurn aukist eftir vörum sem framleiddar eru í Þýskalandi en dragist saman eftir vörum sem framleiddar eru á Spáni. Afleiðing þessa verður aukinn viðskiptahalli á Spáni og meira atvinnuleysi en afgangur verður á viðskiptum við útlönd í Þýskalandi og þar batnar atvinnuástand. Ef nafnlaun væru sveigjanleg og vinnuafli gæti flust hindrunarlaust á milli landanna væri hægur vandi að koma á jafnvægi að nýju þótt löndin væru saman í myntbandalagi. Ef nafnlaun eru ósveigjanleg og flæði vinnuafli ekki frjálst skapast vandamál. Við slíkar aðstæður myndi ójafnvægið leiða til verðbólgu í Þýskalandi og atvinnuleysis á Spáni. Ríki með sjálfstæðan gjaldmiðil gætu brugðist við þessu ástandi með því að laga gengi hans að hinum breyttu aðstæðum en sá kostur er úr sögunni þegar ríkin eru saman í myntbandalagi. Þá gætu Spánverjar þurft að sætta sig við viðskiptahalla og atvinnuleysi og Þjóðverjar verðbólgu. Fjallað er nánar um þetta dæmi í ramma 2.1.

¹⁹

Mundell (1961).

Rammi 2.1 Skilyrði Mundells.

Kanadíski hagfræðingurinn Robert Mundell setti í upphafi sjöunda áratugarins fram kenningu²⁰ sem hægt var að nota til að útskýra við hvaða kringumstæður þjóðríki gæti notið þeirrar óumdeildu hagkvæmni – minni viðskiptakostnaðar og gengisáhættu – sem því fylgir að tilheyra stærra myntsvæði. Hann hélt því fram að fullnægja þyrfti einu af þremur skilyrðum, annars væri fórnin af sameiningu myntsvæða of mikil til þess að slíkt gæti talist skynsamlegt.

Fyrsta skilyrðið er það að hagsveiflan sé samhverf á milli landa innan myntsvæðis og því sé ekki þörf á sjálfstæðri peningamálastefnu.

Annað skilyrði er að laun séu sveigjanleg. Þá lækka laun í því landi þar sem eftirspurn minnkar en hækka annars staðar. Sveigjanlegur vinnumarkaður verður þá til þess að atvinnustig helst stöðugt þrátt fyrir ósamhverfa hagsveiflu og vanmáttuga peningamálastefnu.

Síðasta skilyrðið er að vinnuafli sé hreyfanlegt. Aukið atvinnuleysi veldur þá brottflutningi fólks og atvinnuástand fer aftur í fyrra horf. Þetta skilyrði er uppfyllt í Bandaríkjunum – vinnuafli flyst greiðlega á milli fylkja – sem segir okkur að Bandaríkin eigi að hafa einn gjaldmiðil.

Einungis eitt af skilyrðunum þremur þarf uppfylla til þess að sameiginlegur gjaldmiðill sé eftirsóknarverður.

Ekki þarf endilega breytingar á ytri aðstæðum – svo sem erlendri eftirspurn – til að hagþróun verði með ólíkum hætti í löndum sem eru saman í myntbandalagi. Kerfisgerð hagkerfa getur verið mismunandi, t.d. getur skipulag á vinnumarkaði verið afar ólíkt eftir hagkerfum. Það getur valdið því að laun og verðlag hækkar hraðar í sumum löndunum sama bandalags þótt sveiflur eftirspurnar séu álíka í þeim öllum.

Mishraður hagvöxtur getur einnig dregið dilk á eftir sér. Tökum sem dæmi ríki A þar sem landsframleiðsla vex um 5% á ári og ríki B þar sem hagvöxtur er um 3% á ári. Ef gert er ráð fyrir því að innflutningsteygni eftirspurnar sé einn í báðum löndunum eykst innflutningur A um 5% og B um 3% á hverju ári. Þetta skapar halla í viðskiptum við útlönd hjá ríki A – ef innflutningur vex hraðar en útflutningur – og öfugt hjá landi B. Við slíkar aðstæður getur verið heppilegt fyrir ríki A að lækka gengið til þess að gera eigin vörur samkeppnishæfari. Innan myntbandalags er það aftur á móti ekki hægt og því gæti ríki A þurft að beita aðgerðum sem miðuðu að því að lækka verðlag í landinu en sú hagstjórn gæti heft hagvöxt.

²⁰

Ibid.

Hér hefur sú staðreynd verið dregin fram að ef framleiðsla, hagvöxtur og vinnumarkaður er mismunandi í löndum og þau aðhyllast ólíka fjármálastefnu getur verið dýrkeypt fyrir þau að sameinast í myntbandalagi. Þessi niðurstaða er einkum byggð á áður nefndri kenningu Roberts Mundells um hagkvæmt myntsvæði. Sú kenning hefur hins vegar verið gagnrýnd fyrir að vera barn síns tíma og byggð á of mikilli svartsýni. Áhrifin af ólíkri uppbyggingu aðildarríkja þurfi ekki að vera jafnafrifarík og niðurstöður Mundells gefa til kynna.

Margir hagfræðingar halda því fram að aðild að myntbandalagi muni leiða til þess að sveiflur í hagkerfum samræmist og hafi því áþekk áhrif í öllum aðildarríkjunum hverju sinni, sjá t.d. Buitter (2000). Aðrir, svo sem Krugman (1991), telja hins vegar að tilkoma myntbandalags auki sérhæfingu einstakra ríkja og það leiði til þess að sveiflur í eftirspurn komi í æ ríkari mæli ólíkt niður á löndunum. Krugman bendir á Bandaríkin máli sínu til stuðnings en þar sérhæfa ákveðin fylki sig í framleiðslu ákveðinna vara eða þjónustu og hann gerir því skóna að sama þróun verði innan myntbandalags; þar sérhæfi hver þjóð sig á ákveðnu sviði. Þegar lönd ganga í myntbandalag minnkar þýðing landamæra ríkja innan þess. Í framhaldinu er trúlegt að ákveðin svæðisbundin sérhæfing eigi sér stað, t.d. í iðnaðarframleiðslu, og að þessi þróun verði án tillits til landamæra. Við þessar aðstæður má ætla að gengisadlögun skipti sífellt minna máli og að sveiflur í hagkerfum ríkjanna verði svipaðar. Rannsóknir virðast einnig styðja þá niðurstöðu.²¹

Ólík fjármálastefna og mismunandi stofnanaumhverfi á markaði getur hins vegar skapað vanda þegar lönd koma saman í myntbandalagi og telja margir að ekki sé hægt að ná fram ásætlanlegum ávinningi nema aðildarríki nái enn frekari samþættingu á sviði stjórnmála. Minni ástæða sé hins vegar til að hafa áhyggjur af mismunandi hagvexti ríkja. Framleiðni framleiðsluþátta er meiri í hagkerfi sem vex hraðar og því mun fjármagn flæða frá því ríki sem vex hægar til þess ríkis sem vex hraðar og fjármagna þannig viðskiptahallann. Af þessu að dæma er ólíklegt að slíkur munur hindri vöxt.

Svo framarlega sem kostnaður við sameiginlegan gjaldmiðil er að miklu leyti þjóðhagfræðilegur er ábatinn einkum rekstrarhagfræðilegur. Hér er aukin skilvirkni í viðskiptum lykilatriði. Þar skal fyrst telja þann beina ábata sem minnkandi viðskiptakostnaður, þ.e. kostnaður við að skipta úr einum gjaldmiðli í annan, hefur í för með sér. Því til viðbótar má nefna þann hag sem neytendur hafa af því að hægt er að koma í veg fyrir verðaðgreiningu á milli svæða. Í ofanálæg mun óvissa um gengi hverfa með tilkomu myntbandalags. Óvissa um þróun gengis veldur því að ekki er hægt að gera sér að fullu ljóst hverjar tekjur fyrirtækja – og þar með einstaklinga – verða en öll óvissa í efnahagsmálum er almennt talin minnka velferð. Ákvarðanir um neyslu, fjárfestingu og framleiðslu byggjast á upplýsingum um verð á mismunandi vörum og þjónustu og aukin óvissa um þessi atriði gerir ákvarðanatöku erfiðari en ella.

²¹ Frankel og Rose (1996).

Þótt trúlegt sé að töluverður ábati geti orðið af því að ganga í myntbandalag er illmögulegt að meta hann til fjár. Gera má ráð fyrir því að meiri fjárhagslegur agi ríki eftir inngöngu í bandalagið en fyrir hana í landi þar sem mikil verðbólga – jafnvel óðaverðbólga – hefur verið til staðar. Við slíkar aðstæður má gera ráð fyrir þjóðhagslegum og rekstrarhagfræðilegum ábata af inngöngu því að búast má við að ákvarðanir um framleiðslu og fjárfestingar verði betur ígrundaðar en áður.

Óvissa um gengi er einn þeirra þátta sem litið er til þegar áhættan við fjárfestingar er metin og þess vegna veldur aukin gengisóvissa hærri ávöxtunarkröfu en áður og þar með hækkun vaxta. Há ávöxtunarkrafa verður jafnframt til þess að fjárfestar ráðast hugsanlega út í of áhættusamar fjárfestingar og að lánveitendur eiga í erfiðleikum með að greina á milli góðra og lélegra fjárfestingarkosta.

Að öllu samanlögðu má teljast líklegt að með stofnun myntbandalags muni viðskipti milli landa aukast til muna, bæði vöruviðskipti og fjármagnsviðskipti, en nánar er fjallað um það í fjórða og fimmta kafla. Í rannsókn Rose (2001) kemur meðal annars fram að viðskipti milli ríkja sem eru í myntbandalagi þrefaldast og þessi auknu viðskipti hafa jákvæð áhrif á hagvöxt.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar sem benda til þess að íslenska hagkerfið og hagkerfi evrusvæðisins sveiflist ekki í takt.²² Hefur þessi staðreynd verið nefnd sem ein af ástæðum þess að innganga Íslands í myntbandalag evrusvæðisins væri ekki hagkvæm. Hins vegar hefur verið bent á að áhrif sjávarútvegs fari þverrandi. Þetta stafar bæði af því að dregið hefur úr sveiflum innan sjávarútvegsins, m.a. vegna betri fiskveiðistjórnar, og eins hins að greinin er ekki jafnfyrirferðarmikil í íslensku hagkerfi og áður.²³ Í áðurnefndri rannsókn Rose eru einnig leiddar líkur að því að hagsveiflur ríkja sem ganga í myntbandalag verði samhverfari en áður þegar frá inngöngu líður.

Helsti galli þess að afsala sér stjórn peningamála er sá að ekki er lengur hægt að bregðast við skellum á innlent efnahagslíf með stjórn peningamála. Einnig leiðir sameiginlegur gjaldmiðill til þess að upplýsingar um greiðslujöfnuð aðildarríkjanna verða mun óáreiðanlegri en áður.²⁴ Ef ríki verður fyrir tímabundnum framboðs- eða eftirspurnarskellum eru kostir sjálfstæðrar peningastefnu ótvíræðir. Ef um varanlegar breytingar er hins vegar að ræða í hagkerfinu orka kostirnir tvímælis.²⁵ Sjálfstæð peningamálastefna getur stuðlað að skjótari aðlögun að langtímajafnvægi, en óskynsamleg peningamálastjórn, sem m.a. getur falist í því að freista þess að halda vonlitlum atvinnurekstri á floti, getur komið í veg fyrir nauðsynlega aðlögun.

²² Már Guðmundsson (2000).

²³ Ásgeir Jónsson (2000b).

²⁴ EMU (1997).

²⁵ Ibid.

2.5 Fljótandi gengi

Samkvæmt kenningunni um hina ómögulegu þrenningu leiða frjálsar fjármagnshreyfingar til þess að ríki verða að velja á milli tveggja póla hvað varðar gengisstefnu, fasts gengis eða fljótandi. Þegar gengi innlands gjaldmiðils er látið fljóta gagnvart öðrum gjaldmiðlum ræðst gengið á gjaldeyrismörkuðum. Við alfrjálst flot hlutast innlend stjórnvöld ekkert til um þróunina á gjaldeyrismarkaði. Eðlilega sveiflast gengi innlands gjaldmiðils meira við þetta fyrirkomulag en þegar genginu er haldið föstu. Segja má að í þessu felist að gjaldmiðillinn sé alltaf „rétt“ verðlagður í þeim skilningi að framboð sé jafnt eftirspurn.

Þegar gengi er látið fljóta er hægt að nota peningamálaaðgerðir til þess að bregðast við hagsveiflum og óvæntum skellum en það er einmitt þessi sveigjanleiki sem er helsti kostur þess að hafa sjálfstæðan, fljótandi gjaldmiðil. Flotgengi gerir peningamálayfirvöldum kleift að sníða stefnu sína, þar á meðal vaxtaákvæðanir, að þróun innlands efnahagslífs. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að fljótandi gengi getur aukið á gengissveiflur með meðfylgjandi óvissu eins og Íslendingar þekkja mætavel og fjallað verður ítarlega um í köflunum hér á eftir.

2.5.1 Hagkvæmasta gengisstefna í litlu opnu hagkerfi

Ekki er einhlítt hvaða gengisstefna hentar litlum opnum hagkerfum best heldur ræðst það af aðstæðum hjá hverju og einu ríki. Sumum ríkjum hentar að ganga í myntbandalag, öðrum að láta gengi sitt fljóta og allt þar á milli. Reynsla undanfarinna ára hefur verið sú að æ fleiri lönd hafa valið að ganga algjörlega í aðra hvora áttina og annaðhvort tekið upp staðfasta gengisfestu eða leyft genginu að fljóta. Með staðfastri gengisfestu er m.a. átt við myntráð, sameiginlegan gjaldmiðil ríkja eða jafnvel upptöku gjaldmiðils annars ríkis.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að glöggva sig á því hvaða gengisstefna sé hagkvæmust fyrir lítil opin hagkerfi. Þau eru iðulega talin búa við meiri sveiflur en þau sem stærri eru og vera þess vegna viðkvæmari fyrir ýmsum skellum. Ástæðan er einkum sú að í litlum hagkerfum eru oftast fáir en stórir grunnatvinnuvegir og geta breytingar sem verða í þessum atvinnuvegum haft umtalsverð áhrif á allt hagkerfið.

Norski seðlabankinn hefur látið gera rannsókn sem byggist á þarlandum gögnum á því hvaða gengisstefna sé hagkvæmust fyrir lítil opin hagkerfi.²⁶ Í ljósi þeirrar sérstöðu sem olíuauðurinn skapar Noregi var ákveðið að undanskilja olíugeirann í rannsókninni. Með því móti var talið að gögnin líktu fremur eftir dæmigerðu litlu opnu hagkerfi. Líkanið sem notað var í rannsókninni skipti landsframleiðslu í framleiðslu fyrir heimamarkað og útflutningsmarkað. Þessi tvískipting á framleiðslu var gerð í þeim tilgangi að auðvelda greiningu á miðlunarferli peningamálastefnunnar. Gerður var samanburður á eftirfarandi

²⁶ Leitemo og Röisland (2000).

útfærslum á gengisstefnu: staðfastri fastgengisstefnu,²⁷ sveigjanlegri fastgengisstefnu, staðföstu verðból gumarkmiði og sveigjanlegu verðból gumarkmiði. Munurinn á staðföstu og sveigjanlegu verðból gumarkmiði er sá að í fyrra tilvikinu er stefnt að því að árleg verðbólga skuli vera einhver ein ákveðin prósentutala en með sveigjanlegu verðból gumarkmiði er átt við að markmiðið sé að halda verðbólgu á ákveðnu bili.²⁸ Samkvæmt niðurstöðunum er sveigjanlegt verðból gumarkmið heppilegasta gengisstefnan en sveiflur á raunstærðum reyndust minnstar við þetta tiltekna gengisfyrirkomulag. Önnur nýleg rannsókn styður þessar niðurstöður²⁹ og í þeirri rannsókn var einnig sýnt fram á að verðból gumarkmiði fylgdi meiri velferð fyrir lítið opið hagkerfi en fastgengisstefnu.

Á undanförunum árum hefur verðból gumarkmið notið aukinna vinsælda og hefur nú tuttugu og eitt ríki tekið upp slíka stefnu. Áður en verðból gumarkmið var tekið upp á Íslandi hafði gengi krónunnar verið haldið föstu gagnvart körfu af öðrum myntum. Sú fastgengisstefna, svokölluð sveigjanleg fastgengisstefna, sem rekin var hér á landi á tíunda áratugnum hentaði nokkuð vel í ljósi þeirra aðstæðna sem ríktu í landinu í byrjun þess áratugar. Á mynd 2.3 má sjá hver þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar var frá stofnun millibankamarkaðar árið 1993 til 31. desember 2005.

Í raun var ekki hægt að taka formlega upp verðból gumarkmið á Íslandi fyrir en gjaldeyrismarkaður, fjármálamarkaður og sterk sjálfstæð yfirstjórn peningamála var til staðar. Frá 2001 hefur gengi íslensku krónunnar ráðist á gjaldeyrismarkaði. Gengi krónunnar sveiflaðist mikið fyrsta árið eftir að verðból gumarkmið var tekið upp og náði fall hennar hámarki í lok nóvember 2001 þegar vísitala gengisskráningar fór yfir 151, sjá mynd 2.3. Gengi krónunnar fór þó fljótlega aftur að styrkjast og hefur sú þróun haldist nær óslitið áfram síðan. Í nóvember 2005 stóð gengisvísitalan í tæplega 103 stigum að meðaltali og hafði krónan ekki áður verið svo sterk.

Enn einn kostur núverandi fyrirkomulags er sá að aðlögun raungengis á sér stað mun hraðar en þegar ríki er hluti af myntbandalagi: nafngengi breytist hraðar en verðlag innan lands og utan. Í myntbandalagi þjóða er hætta á ferðum þegar uppsveifla, knúin áfram af mikilli eftirspurn eftir innlendra framleiðslu, veldur hækkingu raungengis vegna þess að þegar hún hefur runnið sitt skeið á enda er raungengi „of hátt“ í þeim skilningi að samkeppnisstaða útflutningsatvinnuvega er verri en í byrjun uppsveiflunnar, viðskiptajöfnuður óhagstæðari og atvinnuleysi meira. Við núverandi fyrirkomulag peningamála hér á landi getur hins vegar Seðlabankinn brugðist við með þeim hætti að lækka vexti og þar með gengi krónunnar og raungengi lækkar þá snögg og leitar nýs jafnvægis. Það er meginkosturinn við fljótt gengi með verðból gumarkmið að minni líkur eru á því en ef evran væri tekin upp að varanleg stöðnun verði hér á landi vegna of


²⁷ Undir þetta falla m.a. innganga í myntbandalag, upptaka annars gjaldmiðils og þær stefnur sem festa gengi innlenda gjaldmiðilsins algerlega við annan gjaldmiðil.

²⁸ Flest ríki sem styðjast við verðból gumarkmið í dag eru með sveigjanlegt markmið.

²⁹ Gali og félagar (2004).

hás raungengis og reyndar einnig vegna of hárra vaxta sem réttlættir eru af ástandi efnahagsmála í fjarlægum ríkjum. Nánar er fjallað um þetta í sjöunda kafla skýrslunnar.

Mynd 2.3 Gengisvísitala íslensku krónunnar 1993–2005.



Heimild: Seðlabanki Íslands

2.6 Niðurstöður

Ríki hafa um nokkrar leiðir að velja þegar kemur að vali á peningamálastefnu og gengisfyrirkomulagi. Þær leiðir sem hér er fjallað um eru:

Myntráð

Sá ávinningur sem mögulega fylgdi myntráði væru lægri vextir innanlands. Trúverðugleiki, sem oft er nefndur sem annar kosturinn við myntráð, myndi að öllum líkindum ekki aukast frá því sem nú er hér á landi en trúverðugleiki Seðlabanka Íslands virðist vera með ágætum nú um stundir. Myntráð starfar sem hlutlaus aðili í hagkerfinu og gegnir því ekki sveifluþjafnandi hlutverki. Því væri ekki lengur hægt að hafa áhrif á gang efnahagslífsins með peningamálaáðgerðum. Þá myndi hættan á fjármálakreppum sennilega aukast. Upptaka myntráðs á Íslandi er ekki heppilegur kostur í gengismálum.

Einhliða fastgengi

Einhliða fastgengisstefna hefur alla sömu vankanta og sú sveigjanlega stefna sem fylgt var hér á landi á tíunda áratug síðustu aldar. Það að festa gengi innlands gjaldmiðils einhliða við einn ákveðinn gjaldmiðil, t.d. evru, endurspeglar ekki þátt þess gjaldmiðils í

utanríkisviðskiptum landsins. Það reyndist erfiðleikum háð að halda úti sveigjanlegri fastgengisstefnu hér á landi vegna frjálsra fjármagnsflutninga. Hið sama myndi gilda um einhliða fastgengisstefnu. Upptaka slíkrar stefnu er því ekki það skref sem stíga ætti til framtíðar í gengismálum hér á landi.

Dollaravæðing

Ef skoða ætti þennan möguleika hér á landi yrði upptaka evru sem lögeyrir í landinu líklegast efst á blaði. Kostir slíkrar stefnu eru einkum minni gengissveiflur og vaxtamunur en nú. Notkun evru sem lögeyrir í landinu væri þó stærra stökk en einhliða eða tvíhliða tenging. Ef stökkið væri tekið yrði mjög erfitt að hverfa aftur til krónunnar. Líta má því á að upptaka annars lögeyrir á landinu sé í vissum skilningi óafturkræf ákvörðun. Þar sem ávinningur og kostnaður þess að fara út í slíka framkvæmd er óljós sem stendur er þetta ekki vænlegur kostur fyrir Íslendinga.

Tvíhliða fastgengi

Afar ólíklegt er að tvíhliða fastgengisstefna í tengslum við annað ríki standi Íslandi til boða. Helst væri þó hófanna að leita hjá Evrópusambandinu. Þau ríki sem nú eru með tvíhliða samning við það eru annaðhvort þegar aðilar að Evrópusambandinu eða þau bíða eftir fullgildri aðild. Þessi kostur er því óraunhæfur fyrir Íslendinga miðað við núverandi stefnu stjórnvalda gagnvart aðild að Evrópusambandinu.

Myntbandalag

Myntbandalag Evrópu reynir að sameina þá kosti sem fylgja föstu og fljótandi gengi. Gengi aðildarríkjana er fest innbyrðis en gengi evrunnar er látið fljóta gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Kostir þess að ganga í myntbandalag eru einkum minni gengisóvissa en áður, minni viðskiptakostnaður og lægra vaxtastig. Þessir þættir hafa allir mikil áhrif á viðskiptamynstur ríkja og má því leiða líkur að því að við inngöngu í myntbandalag myndi landslag viðskipta á Íslandi breytast talsvert.

Helsti ókostur þessa kerfis er sá að peningamálastefnan miðast við meðalverðbólgu á öllu svæðinu. Þá er mögulegt og reyndar líklegt að verðbólga sé mikil í einu landi en kreppa ríki í öðru. Jafnframt er ljóst að mikil uppsveifla, sem veldur hækkun innlends verðlags og launa, kann að valda kreppu þegar hún hefur runnið sitt skeið vegna þess að afleiðing hennar er „of hátt“ raungengi og veik samkeppnisstaða útflutningsatvinnuvega. Tímabundin uppsveifla kann þannig að valda langvarandi kreppuástandi sem varir svo lengi sem innlent verðlag og launakostnaður er hærra en erlent verðlag og launakostnaður. Slík aðlögun getur tekið langan tíma vegna þess að hvorki laun né verðlag geta lækkað snögglega. Við fljótandi gengi leiðréttist þetta hins vegar samstundis með breytingum á nafngengi. Þó ber að hafa í huga að aðild að myntbandalagi Evrópu fylgir aðild að Evrópusambandinu sem gæti haft margvíslega aðra kosti og galla í för með sér sem ekki er fjallað um hérna.

Fljótandi gengi – núverandi fyrirkomulag

Kostir núverandi fyrirkomulags eru margir. Þeir þjóðhagslegu hnykkir og skellir sem ríða yfir hagkerfi okkar eru yfirleitt annars konar en sambærilegar sveiflur á evrusvæðinu og verða ekki á sama tíma og þær. Viðskiptakjör geta breyst mikið frá einu ári til annars, afli getur breyst og heimsmarkaðsverð á áli og fiski getur sveiflast. Í þessari skýrslu eru leidd rök að því að verðbólguþröskulmið sé besta leiðin til þess að mæta slíkum hnykkjum.

Annar kostur núverandi fyrirkomulags er að líkur á fjármálakreppu eru minni en við fastgengisstefnu með sjálfstæðan gjaldmiðil. Þetta stafar af því að miklar og skyndilegar breytingar gengisskráningar eru fátíðar en þess í stað breytist gengið stöðugt frá degi til dags. Einnig er erfiðara fyrir fjármagnseigendur að treysta á að stjórnvöld verji þá gegn gengisáhættu, þeir neyðast til þess að dreifa áhættunni.

Á móti vegur að viðskiptakostnaður – kostnaður við gjaldeyrisviðskipti – er meiri ef notast er við sjálfstæðan gjaldmiðil og getur gengisóvissa getur því haft einhver áhrif á viðskiptamynstur. Einnig er við því að búast að raunvextir séu hærrí en með fastgengisstefnu vegna meiri gengisáhættu. Þá gera miklar gengissveiflur, sem fylgt geta verðbólguþröskulmiði, útflutningsatvinnugreinunum oft erfitt fyrir.

Niðurstæða

Af þeim kostum sem í boði eru virðast einungis tveir koma til greina, að taka þátt í evrópska myntsamstarfinu og taka upp evru eða halda núverandi gengisfyrirkomulagi. Kaflarnir sem á eftir fara fjalla um ýmis hagræn áhrif leiðanna tveggja.

3 Fjármálakerfið

Í þessum kafla er hugað að tengslum fyrirkomulags gengismála, peningamálastefnu og stöðugleika fjármálakerfisins. Leitast verður við að svara því hvort líkurnar á óstöðugleika fjármálakerfisins séu meiri við sjálfstæðan gjaldmiðil og fljótandi gengi eða við fast gengi.

3.1 Markmið peningamálastefnunar

Viðskiptabankar og aðrar fjármálastofnanir hafa eflst mikið hér á landi síðustu árin. Mikilvægt er að umhverfi þessara stofnana sé með þeim hætti að hættan á óstöðugleika fjármálakerfisins sé sem minnst. Hér skipta lög og reglur máli en einnig opinberar eftirlitsstofnanir og, síðast en ekki síst, fyrirkomulag gengismála. En það er ekki einungis tilvist sjálfstæðs gjaldmiðils sem getur skipt sköpum fyrir fjárhagslegan stöðugleika heldur einnig fyrirkomulag peningamálastefnunar, t.d. hvort markmið hennar er stöðugt gengi eða stöðug verðbólga. Í þessu sambandi er áhugavert að bera saman núverandi uppsveiflu og þá sem rann sitt skeið á enda upp úr aldamótunum síðustu. Á fyrra tímabilinu fylgdi Seðlabanki Íslands gengismarkmiði mest allt tímabilið en á því síðara verðból gumarkmiði.

Ástand efnahagsmála nú líkist um margt síðari stigum uppsveiflunnar í lok tíunda áratugarins. Hagvöxtur, mikill viðskiptahalli, hraður útlánavöxtur bankanna, hækkun hlutabréfaverðs, hátt raungengi og spenna á vinnumarkaði voru helstu einkenni síðustu uppsveiflu. Núverandi sveifla er enn sterkari þótt spenna á vinnumarkaði hafi ekki myndast að neinu marki fyrr en á árinu 2005. Verð fasteigna hefur hækkað mikið, útlán banka hafa aukist gríðarlega, skuldir fyrirtækja og heimila hafa vaxið og viðskiptahalli er mikill og meiri en svo að núverandi ástand geti haldist til langframa. Fasteigna- og hlutabréfaverð er í sögulegu hámarki, raungengi hátt, skammtímaraunvextir háir og hækkandi, hagvöxtur mikill og vaxandi verðbólga.

Eitt af því sem gerir núverandi ástand varhugavert fyrir stöðugleika fjármálakerfis er mikil aukning útlána sem fjármögnuð er með lántökum innlendra aðila erlendis og einnig kaupum erlendra fjárfesta á skuldabréfum gefnum út í íslenskum krónum. Skuldsettar yfirtökur og hátt hlutabréfaverð bjóða einnig hættunni heim. Hver svo sem ástæða útlánaaukningarinnar er, þá skiptir miklu að meta þátt sjálfstæðs gjaldmiðils í því ástandi sem hefur myndast. Væri núverandi uppsveifla öðruvísi ef Ísland hefði ekki sjálfstæðan gjaldmiðil? Hefur tilvist krónunnar gert núverandi ástand erfiðara viðfangs? Svárið er ekki augljóst. Vegna sjálfstæðs gjaldmiðils er hægt að hafa áhrif á vexti, og þar með

gengi, til að stemma stigu við mikilli og vaxandi eftirspurn á vöru- og vinnumarkaði. En sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort slík stefna sé við hæfi ef orsök uppsveiflunnar er fyrst og fremst erlendar lántökur og útpensla bankakerfisins. Sú hætta er þá fyrir hendi að skyndilegt gengisfall stefni fjárhagslegum grundvelli heimila, fyrirtækja og ýmissa stofnana fjármálakerfisins í hættu. En hverjar eru hinar dýpri ástæður þessarar þróunar?

Í alþjóðlegu samhengi má oft rekja þróun sem þessa til einkavæðingar fjármálastofnana og aukins frelsis á fjármagnsmörkuðum. Hér verður fyrst fjallað um hugsanlegar orsakir útlánaaukningarinnar.

3.2 Orsakir útlánaþenslu og viðbrögð seðlabanka

Þar sem núverandi uppsveifla hefur í meginatriðum sömu einkenni og sú sem varð um aldamótin má leiða rök að því að niðursveiflan 2002-2003 hafi ekki breytt þeim undirliggjandi þáttum sem orsökuðu mikla aukningu útlána og erlenda skuldasöfnun í síðustu uppsveiflu. Því er mikilvægt að greina að orsök og afleiðingu í þessu sambandi.

Um getur verið að ræða a.m.k. þrenns konar möguleg atburðarás. Í fyrsta lagi getur aukinn hagvöxtur – og aukinn væntur hagvöxtur – orðið til þess að útlán aukist þegar fyrirtæki notfæra sér arðsöm fjárfestingartækifæri. Þá eykst eftirspurn eftir lánsfé. Viðskiptahalli myndast síðan þegar ráðist er í erlendar lántökur í því skyni að fjármagna innlenda fjárfestingu. Hagvöxtur nú og væntingar um framtíðina hvetja síðan neytendur til meiri innkaupa og aukin einkaneysla er sumpart fjármögnuð með enn frekari lántökum. Þessi atburðarás er „góðkynja“ vegna þess að viðskiptahalli og erlendar lántökur fara saman við aukna framleiðslugetu hagkerfisins þannig að greiðslubyrði erlendra lána þarf ekki að hækka í framtíðinni. En þetta er ekki eina mögulega atburðarásin.

Annars konar atburðarás væri ef einkavæðing bankanna yki framboð lánsfjár skyndilega. Fyrirtæki eiga þá auðveldara með að fjármagna fjárfestingu sem eykst og hagvöxtur í kjölfarið. Hægt er að ímynda sér hagkerfi þar sem orka og hugarflug þjóðarinnar er ekki virkjuð árum saman vegna skorts á fjármagni en umbætur í bankakerfinu valda því að nú eykst framboð á fjármagni og efnahagslífið tekur kipp. Í þessu tilviki má einnig tala um *góðkynja* viðskiptahalla þótt fjárfestingin og hagvöxturinn stafi ekki af því að fjárfestingartækifærunum hafi fjölgað í sjálfu sér heldur er nú hægt að nýta fleiri slík tækifæri en áður vegna aukins framboðs lánsfjár.

Þriðja og síðasta dæmið felur í sér *illkynja* atburðarás. Aukning lánsframboðs verður þá til þess að auka einkaneyslu án þess að framleiðsla og þjóðartekjur aukist til samræmis við það og þrátt fyrir að væntingar um framtíðarhagvöxt hafi ekki aukist. Ef lán til heimila voru takmörkuð og kerfisbreytingar á fjármálamörkuðum verða þess valdandi að þau geta nú fengið þessi lán verður afleiðingin skyndileg skulda- og neysluaukning. Ef framleiðsla eykst nú ekki í sama mæli munu skuldir þjóðarinnar aukast, þar með

skuldabyrði, og neysla flytjast úr framtíð í nútíð. Þessi þróun er illkynja í þeim skilningi að greiðslubyrði þjóðarinnar eykst í framtíð.


Uppsveiflan í lok síðasta áratugar og einnig sú sem nú stendur sem hæst felur í sér atburðarás sem lýst er í síðari tveimur tilgátunum hér að ofan. Ekki er hægt að segja að fjárfestingatækifærin hafi batnað mikið þegar líða tók á tíunda áratuginn. Líklegra er að einkavæðing bankakerfisins og frjálst fæði fjármagns hafi orðið þess valdandi að framboð á lánsfé jókst mikið og skyndilega. Þetta fjármagn hefur verið notað til eignaupptökkunar á fyrirtækjum, til fjárfestingar og ekki síst til þess að fjármagna einkaneyslu. Atburðarásin er þá góðkynja að því leyti að mikil gróska er í ýmsum atvinnugreinum; t.d. fjármálageiranum og lyfjaframleiðslu. Einnig koma fram vísbendingar um að framleiðni á vinnustund sé nú tekin að aukast. Mikil einkaneysla er hins vegar áhyggjuefni. Hún virðist byggð á væntingum um ört hækkandi kaupmátt launa í framtíðinni og er mikilvægt fyrir fjárhag heimila að þær væntingar rætist að miklu leyti.

Í lok árs 1998 brást Seðlabankinn við vaxandi eftirspurn með hækkun vaxta og urðu vaxtahækkanir til þess að vaxtamunur við útlönd jókst úr 3% í 6% í lok árs 1999. Stýrivextir Seðlabankans voru orðnir 11,5% í árslok 2000 sem leiddi til þess að fjárstreymi til landsins jókst þegar fjárfestar notfærðu sér vaxtamuninn við útlönd. Þannig varð peningamálastefnan til þess að halda gengi háu – sem hafði þær beinu afleiðingar að draga úr eftirspurn innanlands vegna þess að innflutningur varð ódýrari – en jafnframt að auka á útlánaþensluna – sem jók enn á eftirspurnina. Færa má rök fyrir því að peningamálastefnan hafi þjónað því markmiði að halda aftur af verðbólgu en í þeirri viðleitni sinni hafi hún aukið hættuna á fjármálakreppu vegna þess hve lántaka erlendis varð eftirsóknarverð vegna hárra innlendra vaxta og þ.a.l. vaxtamunar við útlönd, sjá mynd 3.1.

Hreyfanleiki vinnuafls er mikill hér á landi. Mikið atvinnuleysi í heimabyggð veldur því að fólk flyst á brott og umtalsverðir fólksflutningar eiga sér stöðugt stað á milli svæða. Algengast er að fólk flytjist til Reykjavíkur og nágrennis. Flestir flytjast frá Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra, u.þ.b. 1–2% af mannfjöldanum á hverju ári. Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra er stöðugt yfir landsmeðaltali. Á Vestfjörðum, þaðan sem einnig er stöðugur fólksflótti, virðist sem skýringarinnar sé hins vegar ekki að leita í miklu atvinnuleysi. Reyndar er það svo að ef við metum drifkrafta búferlaflutninganna þá eru það aðrir þættir sem skipta meira máli svo að bein áhrif atvinnuástands virðast oft tynast. Í nýlegri grein var sýnt fram á að það sé einkum sókn fólks í þéttbýli sem drífi búferlaflutningana hér á landi,¹⁰⁹ höfuðborgarsvæðið og Akureyri togi fólk til sín frá hinum strjálbýlli héruðum. Hér er því jafnframt haldið fram að það sé einkum mismunur fasteignaverðs sem hægi á þessari þróun; hátt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu verði til þess að hægja á straumnum af landsbyggðinni.

¹⁰⁷ Sjá Blanchard, O. og Diamond, P. (1990).

¹⁰⁸ Decressin, J. og Fatas, F. (1995).

¹⁰⁹ Gylfi Zoega og Marta Skúladóttir (2002).

Tafla 6.11 Helstu niðurstöður í prósentum.

(1)	Framlegð bestu starfsmanna borin saman við þá sem eru störi er...	Meiri 55,5	Jafn mikil 4,9	Minni 3,6	
(2)	Áf hverju fía bestu starfsmenn lægri laun miðað við framlegð?	Réttlætiskend annarra væri misboðið 39,6	Fáir vinnustaðir sem byðu starf 16,1	Önnur fyrirtæki vita ekki af bestu starfsmönnum 10,1	Aðrar ástæður 34,2
(3)	Myndi þitt fyrirtæki lækka laun í niðursveiflu?	Já 9,4	Nei 90,6		
(4)	Hvers vegna myndi fyrirtækið ekki lækka launin? (Opin spurning):	Kjarasamningar 22,2	Mjög erfit, ekki hægt 16,1	Segja fremur upp 11,7	Starfsfólk hætir 10
	Ástæður þess að laun eru ekki lækkuð (lokuð spurning): Launalækkun kann að valda því að reyndir starfsmenn hætti og í stað þeirra komi menn sem hafa ekki sömu þekkingu og sambönd í fyrirtækinu. Launalækkun gæti þýtt að afkastamestu starfsmenn hætti á meðan uppsagnir beinast að afkastaminni starfsmönnum.	Méðaltal (1-4) 3,48	Mjög mikilvægt (%) 61,4	Mikilvægast (2) og næst mikilvægast (1) (vegið) 37,9	
(5)	Við launalækkun fjölgæði uppsögnum sem hækkar kostnað vegna ráðninga og þjálfunar. Launalækkun myndi valda að starfsmenn legðu minna á sig, minnkuðu afköst og þjónusta myndi versna. Starfsmönnum líkar ekki ófyrirséðar breytingar á tekjun, svo það er óformlegt samkomulag milli starfsmanna og fyrirtækis að laun breytist hvorki í upp- né niðursveiflu.	3,08	38,4	25,1	
		3,12	40,8	15,6	
		2,91	35,6	12,1	
		2,6	20,9	9,4	

Það sem ákvarðar hraða fólksflutninganna er skv. þessari greiningu einkum það hversu fljótt borgar- og bæjaryfirvöld á höfuðborgarsvæðinu bregðast við háu fasteignaverði með því að skipuleggja og byggja ný hverfi.

Hreyfanleiki Íslendinga á milli landa er auðvitað mun minni en innanlands. Þótt aukið atvinnuleysi innanlands kalli á brottflutning fólks gerist slíkt ekki í nægilega miklum mæli til þess að hafa áhrif á hagtolurnar. Hins vegar hefur tímabundinn aðflutningur útlendinga aukist til muna á undanförunum árum. Segja má að slíkur aðflutningur vinnuafli hafi komið í veg fyrir að verðbólga ykist þegar vinnuaflseftirspurn jókst til muna á árinu 2004 við upphaf framkvæmda við virkjanirnar á Austurlandi. Búast má við að unnt sé að auka framboð á vinnuafli hér á landi til muna með því að leyfa aðflutning fólks frá hinum nýju aðildarlöndum Evrópusambandsins. Hingað til hefur þó sú regla gilt að beita aðgangstakmörkunum gagnvart einstaklingum frá þeim löndum, þó með þeim hætti að þeir njóta forgangs umframt þegna annarra ríkja utan Efnahagsbandalagsins.

Nýjum tímabundnum atvinnuleyfum fjölgaði úr 563 árið 2003 í 1374 árið 2004 en alls voru veitt 370 leyfi árið 2004 og 3304 árið 2003.¹¹⁰ Mest er um að tímabundin atvinnuleyfi séu gefin út til Pólverja (31% veittra leyfa) og fjölgaði þeim talsvert frá árinu 2003. Síðan koma Kínverjar, Filippseyingar, Serbar og Litháar. Veiting atvinnuleyfa til útlendinga er ekki einskorðuð við Austfirði vegna álversframkvæmda. Á árinu 2004 voru um 39% veittra tímabundinna leyfa gefin út á höfuðborgarsvæðinu. Aukningin hefur þó verið einna mest á Austurlandi. Flest tímabundin atvinnuleyfi voru veitt vegna starfa í byggingariðnaði en næstflest vegna starfa í fiskiðnaði.

Afleiðing þessa aðflutnings útlendinga er sú að hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda er nú komið upp í 3,6% og hlutfall þeirra af vinnuafli 16–64 ára er 4,5%. Síðarnefnda hlutfallið er nú hærra en á öllum hinum Norðurlöndunum, að Svíþjóð einni undanskilinni. Þannig má segja að vinnuafli hér á landi sé nú þegar orðið nokkuð hreyfanlegt á milli landa. Ef hömlum á aðflutningi fólks frá hinum nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins væri aflétt með öllu mætti búast við því að erlendir ríkisborgarar yrðu enn hærra hlutfall innlends vinnuafli. Líklegt má því telja að t.d. innganga í Evrópusambandið og upptaka evrunnar myndi auka hreyfanleika innlends vinnuafli.

6.10 Niðurstöður

Sveigjanlegur vinnumarkaður er æskilegur og jafnvel nauðsynlegur hverju því landi sem ætlar að festa gengi gjaldmiðils síns eða taka upp sameiginlegan gjaldmiðil með öðrum þjóðum. Ef vinnumarkaður er sveigjanlegur verða afleiðingar þjóðhagslegra hnykkja, bæði jákvæðra og neikvæðra, á atvinnu og framleiðslu minni en ella.

Íslenskur vinnumarkaður einkennist af sveigjanlegu stofnanaumhverfi. Lög um

¹¹⁰ Heimild: Vinnuálagstofnun.

uppsagnir, atvinnuleysisbætur og skipulag verkalýðshreyfingar, sem og lágir skattar á atvinnutekjur, ýta undir sveigjanlegan vinnumarkað. Hins vegar er ýmislegt sem bendir til þess að laun séu ekki mjög sveigjanleg og að minni eftirspurn eftir vörum og þjónustu fyrirtækja og atvinnugreina leiði fremur til uppsagna starfsfólks en til lægri launa. Því er engan veginn víst að vinnumarkaður hér á landi sé nægilega sveigjanlegur – þrátt fyrir sveigjanlega stofnanaumgjörð – til þess að ráðlagt geti talist fyrir Ísland að afsala sér stjórn peningamála.

Ef nafngengi krónunnar væri fest til frambúðar – eða sameiginleg mynt tekin upp – blasir sú hættu við að tímabundin uppsveifla orsakaði hægfare hækkun verðlags og launa og þar með raungengis sem myndi síðan, að uppsveiflu lokinni, reynast erfitt að vinda ofan af. Þá gætu Íslendingar staðið frammi fyrir háu raungengi í lengri tíma, sem gerði samkeppnisatvinnugreinunum erfitt fyrir. Þetta er ein meginhættan sem stöðjar að hagkerfi sem afsalar sér stjórn peningamála og hefur ekki fullkominn sveigjanleika á vinnumarkaði.

Með því að flytja inn erlent vinnuafli má hins vegar draga úr hækkun raungengis. Ef fleiri íbúum þeirra landa sem nýverið hafa gengið í Evrópusambandið yrðu veitt atvinnuleyfi hér á landi gæti reynst auðveldara að halda fastgengisstefnu til streitu – eða koma í veg fyrir of hátt raungengi í myntbandalagi – vegna þess að sá hluti vinnuaflsins yrði væntanlega hreyfanlegri en innfæddir Íslendingar. Yfirbragð þjóðarinnar myndi einnig breytast til muna, eins og reyndar hefur nú þegar gerst að nokkru leyti.

Niðurstaðan er því sú að atvinna sveiflist hér á landi þrátt fyrir sveigjanlega stofnanaumgjörð vinnumarkaðarins. Þeir sem standa illa að vígi í samkeppni um störf vegna lítillar menntunar eða annarra erfiðleika eiga því oft erfitt uppdráttar þegar illa árar. Þessi skortur á sveigjanleika launa kæmi Íslendingum í koll ef gengið yrði í myntbandalag með öðrum þjóðum. Góðæri innanlands gæti þá leitt til þess að laun og verðlag leitustu upp á við sem myndi gera samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna erfiða í lengri tíma vegna þess að gengislækkun væri nú úr sögunni og erfitt væri að lækka verðlag og laun í kjölfar uppsveiflunnar. Af þessum sökum væri nauðsynlegt að veita fleiri útlendingum aðgang að íslenskum vinnumarkaði til þess að auka hreyfanleika vinnuaflsins enn frekar. Ákvörðun um upptöku fastgengisstefnu eða inngöngu í myntbandalag krefðist þá einnig ákvörðunar um það hvort leyfa ætti frekari aðflutning erlends vinnuafls. Slíkt myndi gerast sjálfkrafa ef við gengjum í Evrópusambandið og tækjum upp evruna. Ljóst er aftur á móti að sú ákvörðun yrði ekki tekin með stjórn peningamála eina í huga.

7 Hagstjórn

Meginviðfangsefni hagstjórnar á Vesturlöndum er að halda verðbólgu og atvinnuleysi í skefjum. Til að hafa áhrif á þessa þætti er hægt að beita annars vegar fjármálaaðgerðum – útgjöldum og tekjum hins opinbera – og hins vegar peningamálaaðgerðum sem eru í höndum seðlabanka. Tilgangur hagstjórnar er fyrst og fremst sá að bæta velferð þegna þjóðfélagsins en sveiflur í helstu hagstærðum eru taldar rýra hana eins og fjallað er um í inngangi. Einkum er talið mikilvægt að gera einstaklingum fært að jafna betur neyslu sína á milli tímabila en það getur verið torvelt þar sem lánamarkaður er ófullkominn. Það eru því fyrst og fremst velferðarrök fyrir því að ríkisvaldið beiti hagstjórnartækjum. Samkvæmt hugmyndum um keynesíska eftirspurnastjórn ætti því ríkisvaldið að grípa inn og beita aðhaldaðgerðum til að komast hjá framleiðsluspennu og meðfylgjandi verðbólgu í góðærum og í hallæri ætti ríkisvaldið að sama skapi að hvetja efnahagslífsið áfram til að forðast framleiðslulaka, atvinnuleysi og stöðnun.

Þegar kostir og gallar þess að taka upp nýja peningamálastefnu eru ígrundaðir þarf að svara einni lykilspurningu: Hvert er hlutverk gengisins í aðlögun hagkerfisins að jafnvægi? Ef t.d. sjálfstæður sveigjanlegur gjaldmiðill hjálpar hagkerfinu fljótt og vel að ná jafnvægi eftir að skellir hafa dunið á því er kostnaður því fylgjandi að festa gengið, þ.e. ganga í myntbandalag. Ef hinsvegar rekja má ójafnvægi í efnahagslífinu til gjaldmiðilsins sjálfs, t.d. vegna glópagleði á fjármálamarkaði fremur en til hreyfinga á undirliggjandi þáttum hagkerfisins, þá fylgir því ábati að varpa gjaldmiðlinum fyrir róða.

7.1 Hlutverk ríkisfjármála í hagstjórn

Við mat á því hver sé hagkvæmasta peningastefna fyrir tiltekið land er óhjákvæmilegt að líta til fjármála hins opinbera og hvaða hlutverki fjármálastefnan gegnir í að styðja við peningamálastefnuna – hvernig stefnublöndunni er háttað. Þannig er t.d. ljóst að ef land fórnar mynt sinni og tekur upp sameiginlega peningamálastefnu með öðrum þjóðum þá færast hagstjórnarbyrðin af seðlabanka yfir á ríkisfjármálin. Fjármálaaðgerðir þykja aftur á móti nokkuð svifaseinar, einkum vegna þess hve langan tíma getur tekið að hrinda þeim í framkvæmd og hagstjórnin líður fyrir það ef slíkum aðgerðum er beitt í auknum mæli í stað peningamálaaðgerða. Möguleikar til sveiflujöfnunar eru því minni fyrir vikið.

Undanfarna áratugi hefur framkvæmd peningastefnu hér á landi þróast í þá veru að

vaxtaákvæðanir hafa orðið mun skýrari, kerfisbundnari og næmari fyrir breytingum á verðbólgu og framleiðslu. Þetta hefur leitt til minni hagsveiflna sem gerir það að verkum að ólíklegt er að fjármálastjórn, sem lýtur geðþótta fremur en föstum reglum, skili frekari árangri. Slík stjórn gæti jafnvel gert framkvæmd peningamálastefnu erfiðari.¹¹¹ Allt þetta gerir þörfina fyrir kerfisbundna og skýra fjármálastjórn meiri en ella. Geðþóttaákvæðanir ættu að snúast um langtímastefnu, eins og umbætur í skatta- og almannatryggingamálum, en ekki hagsveiflur, sjá Taylor (2000a). Dæmi um skýra og kerfisbundna fjármálastjórn er notkun sjálfvirkra sveiflujafnara, þar sem staða hins opinbera batnar í uppsveiflu vegna aukinna skatttekna og minni millifærslna, en versnar síðan aftur á erfiðum tímum þegar skatttekjur dragast saman og útgjöld til velferðarkerfisins aukast.

Almennt er talið að notkun sjálfvirkra sveiflujafnara samrýmist vel framkvæmd peningastefnunnar þegar markmið hagstjórnar er að draga úr sveiflum í verðbólgu og framleiðslu. Spurningin er hins vegar sú að hvoru markmiði hvor stefnan um sig eigi að beinast. Mögulegt er að blanda hagstjórnaraðgerðum á þann hátt að peningastefnan hafi það eina markmið að draga úr sveiflum í verðbólgu og fjármálastefnan miði að því að draga úr sveiflum í framleiðslu, eins og almennt er talið æskilegt. Hins vegar er líklegt að hægt sé að nota peningamálaaðgerðir til að ná báðum, Taylor (2000b). Þetta á þó aðeins við ef miðlunarferli peningastefnunnar virkar vel og er að mestu án hindrana. Það er þó fjarri því að vera öruggt í litlu, opnu hagkerfi eins og því íslenska.

Fjármálastjórn er afar þýðingarmikil í þeim löndum sem eru aðilar að myntsamstarfi Evrópu þar sem stjórn peningamála er ekki í höndum landanna sjálfra. Möguleikum hins opinbera til að beita tekjum og útgjöldum í hagstjórnarskyni eru þó takmörk sett vegna stöðugleikasamkomulagsins sem kveður á um að ekki megi reka ríkissjóð aðildarlandanna með meira en 3% halla og að skuldir skuli ekki vera meiri en 60% af landsframleiðslu. Þetta hefur til að mynda gert hagstjórn erfiða í Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi og Portúgal og af þeim sökum hafa sjónir fræðimanna í æ ríkara mæli beinst að því hvaða nýju leiðum sé hægt að beita við fjármálastjórn.

Hagfræðingurinn Charles Wyplosz (2002) hefur bent á að hvert land gæti komið sér upp sérstakri fjármálanefnd, sem skipuð væri sérfræðingum á sviði efnahagsmála, er gert væri skylt að stýra opinberum fjármálum með það að markmiði að viðhalda fyrirfram ákveðinni skuldastöðu en nota ríkisfjármálin til að draga úr hagsveiflum til skamms tíma. Þannig yrði afgangur af rekstri hins opinbera stýritæki í stað þess að vera markmið. Fjármálanefndin og starfsmenn hennar myndu fylgjast með stöðu hins opinbera og grípa inn í ef óvæntar breytingar ættu sér stað í efnahagslífi hverrar þjóðar. Ákvæðanir um opinber útgjöld og skattheimtu yrðu áfram á valdi kjörinna fulltrúa hvers lands þó svo að afgangur af rekstri hins opinbera yrði ákvarðaður af fjármálanefndinni með skuldastöðuna í huga. Þessa yfirfærslu á valdi frá kjörnum

¹¹¹ Þetta er reyndar markverðasta niðurstaða Nóbelsverðlaunahafanna Kydland og Prescott (1977): óreglubundin peninga- og fjármálastjórn er ósamkvæm yfir tíma.

fulltrúum til sérfræðinga má réttlæta með því að afgangur af rekstri hins opinbera hefur mest áhrif á tekjudreifingu milli kynslóða en ekki tekjudreifingu innan hvers kynslóðar. Þá hafa Marías Halldór Gestsson og Tryggvi Þór Herbertsson stungið upp á fjármálareglu þar sem útgjöld hins opinbera yrðu látin vaxa um sem nemur langtímavexti framleiðni.¹¹² Þannig yrði hið opinbera rekið með halla í kreppu en afgangi í góðæri. Hlutfall hins opinbera í landsframleiðslunni héldist hins vegar stöðugt til langs tíma litið. Þeir sýna fram á að ef þessari stefnu hefði verið fylgt í opinberum fjármálum á Íslandi árin 1964–2001 hefðu hagsveiflur á Íslandi á tímabilinu 1978 – 2001 orðið allt að þriðjungur minni en raun varð á. Notkun reglunnar hefði því haft þjóðhagslegan ávinning í för með sér sem falist hefði í aukinni framleiðslu, minni óvissu, jafnari neyslu og meiri velferð. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að fjármálastefnan styðji mun betur við peningamálastjórnina ef reglunni er fylgt og að ekki þyrfti að stunda jafn harða peningamálastjórn og ef hennar nyti ekki við – vextir seðlabanka gætu því að öðru jöfnu verið stöðugri.

Í litlu, opnu hagkerfi eins og því íslenska hefta frjálsir fjármagnsflutningar peningamálastjórnina nokkuð. Fyrirtæki leita út fyrir landsteinana ef vextir á innlendum markaði eru hærri en sem nemur þeirri gengisáhættu sem þau eru tilbúin til að taka, sbr. Gústav Sigurðsson og félagar (2000). Þannig bíta vextir seðlabanka ekki jafn vel og ef flutningarnir eru heftir, nema á gengið. Gengi krónunnar hækkar þegar erlent lánsfé streymir inn í landið eða með skuldabréfaútgáfu erlendra aðila hér á landi og sú hækking hefur áhrif á eftirspurn. Þessi áhrif eru þó oftast skammvinn. Reynsla Japana sýnir einnig að ef framleiðslulaki verður nægjanlega mikill og viðvarandi þá getur það leitt til þess að vaxtaaðgerðir verða máttlitlar. Nafnvextir seðlabanka verða afar lágir, almennt verðlag fer að hjaðna og hagkerfið festist í lausafjargildru, sjá McCallum (2001).¹¹³

Þá hníga rök að því að hagsveiflan í hagkerfum, sem eru vel þætt inn í heimshagkerfið, séu næmari fyrir skellum í heimsbúskapnum en einangruð hagkerfi, sjá Rodrik (1997, 1998), Andersen (2000) og Torben Andersen og Tryggva Þór Herbertsson (2005). Ofangreind atriði, sem og fleiri, hafa beint athygli hagfræðinga aftur að fjármálastefnunni og samspili hennar og peningamálastefnunnar.

7.2 Hafa ríkisútgjöldin áhrif?

Íslenska skatta- og millifærslukerfið hefur að nokkru þjónað sem sjálfvirkur sveiflujafnari milli skattþrepa og mikillar tekjutengingar bóta. Undanfarin ár hafa þessar tengingar verið minnkaðar – nú síðast með lækkun tekjuskatts – sem leiðir til

¹¹² Sjá Marías Halldór Gestsson og Tryggva Þór Herbertsson (2003, 2004).

¹¹³ Gildran felst í því að neytendur halda að sér höndum í dag vegna þess að vöruverð verður lægra á morgun. Þetta leiðir til þess að eftirspurn dregst saman og hagvöxtur hverfur.

Þess að útgjöld og millifærslur dragast ekki í jafn miklum mæli og áður saman í góðæri og aukast þar af leiðandi ekki heldur í niðursveiflu, þótt auðvitað gagnist þessar aðgerðir vel á öðrum sviðum. Einnig er það svo að sú viðleitni að reka hið opinbera í jafnvægi eða með afgangi hefur leitt til þess að hin sjálfvirka sveiflujöfnun, sem er byggð inn í íslenska skattkerfið, hefur minnkað. Fyrir vikið hafa ríkisfjármálin orðið sveiflukenndari en ella og neysla þar með einnig. Þessu þarf að gefa sérstakan gaum. Reyndar er þetta í samræmi við rannsókn sem Perotti (2004) gerði á ríkisfjármálum nokkurra OECD-ríkja en þar kemur fram að viðbrögð landanna við hnykkjum hafa minnkað eftir áttunda áratuginn vegna lægri ríkisútgjaldamargfaldara.

Í nýlegri úttekt íslenska fjármálaráðuneytisins er þeirri spurningu varpað fram hvað ætla megi að hægt sé að krefjast mikils aðhalds í ríkisfjármálum í sveiflujöfnunarskyni.¹¹⁴ Til að nálgast spurninguna er stuðst við ritgerð sem nokkrir starfsmenn OECD settu saman árið 2002 um það hvort smærri ríki Evrópusambandsins ættu að nota fjármálastefnu sína til að dempa hagsveifluna, nú þegar peningamálastjórnin er orðin sameiginleg fyrir ríki myntbandalagsins.¹¹⁵ Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru (í endursögn fjármálaráðuneytisins) þær að:

- i) sjálfvirk sveiflujöfnun hjálpar til við að milda [áhrif] eftirspurnaráföll og hnykki en aðeins að takmörkuðu leyti,
- ii) margfeldisáhrif ríkisfjármála eru tiltölulega lítil í litlum, opnum hagkerfum. Með litlum margfeldisáhrifum ríkisfjármála þarf stórar sveiflur í útgjöldum eða tekjum til að draga nægjanlega úr hagsveiflunni, og
- iii) stórar sveiflur í ríkisfjármálum samræmast ekki stöðugleika og langtímamarkmiðum ríkisfjármála.

Þá segir: „Í litlum, opnum hagkerfum eiga markaðsöflin auðveldara með að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum, eins og eftirspurnaráföllum, séu rétt markaðsskilyrði fyrir hendi. Í slíkum hagkerfum eru margfeldisáhrif ríkisfjármála tiltölulega lítil og því þarf stórar sveiflur í útgjöldum og tekjum ríkisins til að mæta hagsveiflunni. Þá er talið að slíkar sveiflur í ríkisfjármálum dragi úr áhrifum ríkisfjármála og séu ekki í samræmi við stöðugleika þeirra til lengri tíma lítið. Farsælla er að setja ríkisfjármálunum langtímamarkmið og leyfa skammtíma hagsveifluleiðréttingum að eiga sér stað þar sem markaðsöflin leggja sitt af mörkum.“¹¹⁶

Þessi niðurstaða byggir á þeirri forsendu að verð og laun séu nær fullkomlega sveigjanleg, sem er andstætt niðurstöðum síðasta kafla, og að neytendur séu framsýnir og sjái því fyrir að útgjaldalækkun ríkisins í dag verði að mæta með skattahækkun í framtíðinni. Af þessum sökum séu margfeldisáhrifin lítil. Eins og fram kemur í skýrslu breska fjármálaráðuneytisins – Gordon Brown skýrslunni svokölluðu – um evrópska

¹¹⁴ Sjá Fjármálaráðuneytið (2005).

¹¹⁵ Hoeller, P., Giorno, C. og Maisonneuve, C. (2002).

¹¹⁶ Sjá Fjármálaráðuneytið (2005).

myntsamstarfið árið 2003 þá er þetta óraunhæf forsenda.¹¹⁷ Hér er hægt að taka undir með fjármálaráðuneytinu íslenska að best sé að setja ríkisfjármálum langtímamarkmið og að við fjármálastjórn eigi ekki að stefna að því að „fínstilla“ hagkerfið með geðþóttaákvörðunum. Aftur á móti er vart hægt að vera sammála því álitu fjármálaráðuneytisins að margfeldisáhrif ríkisfjármála séu lítil hér á landi. Þetta verður best útskýrt með dæmi.

Í *Þjóðarbúskapnum* er birt tafla yfir margfaldara ríkisfjármála sem metnir hafa verið fyrir nokkur lönd Evrópusambandsins, sjá töflu 7.1.

Tafla 7.1 Margfaldarar ríkisútgjalda.

	Tekjumargfaldari	Útgjaldamargfaldari
Austurríki	0,1	0,5
Belgía	0,1	0,5
Finnland	0,3	0,4
Frakkland	0,1	0,5
Þýskaland	0,2	0,4
Grikkland	0,1	0,5
Írland	0,1	0,4
Ítalía	0,1	0,5
Holland	0,1	0,4
Portúgal	0,0	0,7
Spánn	0,1	0,5
Meðaltal	0,1	0,5

Heimild: Þjóðarbúskapurinn 2005

Eins og sjá má er mikill munur á margfaldara ríkisútgjalda eftir því hvort um tekjur eða gjöld er að ræða. Þannig er útgjaldamargfaldarinn um fimm sinnum stærri en tekjumargfaldarinn að meðaltali í ríkjunum sem sýnd eru í töflunni. Margfaldarana ber að túlka þannig að breytingar ríkisútgjalda um 1% af landsframleiðslu breyti landsframleiðslunni um 0,5% því til viðbótar. Þannig að ef ríkisútgjöld eru um 34% af landsframleiðslu, eins og er áætlað að þau verði á Íslandi árið 2005, leiðir 2,9% (1/34) útgjaldabreyting til 0,5% prósentustiga breytinga á landsframleiðslunni, umfram útgjaldaaukninguna. Athyglisvert er að velta fyrir sér hvort það eru lítil áhrif í samhengi við framleiðsluspennu eða slaka.

¹¹⁷ HM Treasury (2003c).

7.3 Áhrif ríkisútgjalda á framleiðsluspennu

Seðlabankar líta til fjölmargra þátta í hagkerfinu þegar peningamálaaðgerðir eru ígrundaðar. Til einföldunar er hér gert ráð fyrir að seðlabanki fylgi svokallaðri Taylor reglu, en reglan segir til um hvernig banki með verðbólgu markmið hagar stýrivaxtaákvörðunum sínum. Taylor regluna má setja fram á eftirfarandi hátt:

$$\text{Stýrivextir} = \text{jafnvægisvextir} + \text{áhrif frávíka frá verðbólgu markmiði} + \text{áhrif framleiðsluspennu}$$

Eins og sjá má á reglunni eru stýrivextir seðlabanka jafnir jafnvægisvöxtum þegar verðbólga er jöfn verðbólgu markmiði og framleiðslan er í jafnvægi, þ.e. þegar hvorki er slaki né spenna. Á þenslutímum hækkar seðlabanki stýrivexti til að þrýsta framleiðslunni aftur í jafnvægi. Greiningardeild Íslandsbanka hefur gefið sér forsendur um jafnvægisvexti og um samband verðbólgu, framleiðsluspennu og stýrivaxta og sett fram handhæga töflu með Taylor reglu fyrir Ísland, sjá töflu 7.2.

Tafla 7.2 Stýrivextir samkvæmt Taylor-reglu.

	Framleiðsluspenna						
	0%	1%	2%	3%	4%	5%	6%
1%	3,3%	3,8%	4,3%	4,8%	5,3%	5,8%	6,3%
2%	4,8%	5,3%	5,8%	6,3%	6,8%	7,3%	7,8%
3%	6,3%	6,8%	7,3%	7,8%	8,3%	8,8%	9,3%
4%	7,8%	8,3%	8,8%	9,3%	9,8%	10,3%	10,8%
5%	9,3%	9,8%	10,3%	10,8%	11,3%	11,8%	12,3%
6%	10,8%	11,3%	11,8%	12,3%	12,8%	13,3%	13,8%
7%	12,3%	12,8%	13,3%	13,8%	14,3%	14,8%	15,3%

Heimild: Greiningardeild Íslandsbanka og útreikningar höfunda

Af töflunni má sjá að ef verðbólga samræmist verðbólgu markmiði og hagkerfið er í jafnvægi ættu stýrivextirnir að vera um 5,6%. Ef hinsvegar verðbólga er um 5% og framleiðsluspennan 3% ættu stýrivextir að vera 10,8%.

Augljóst er af þessari umræðu að framleiðsluspenna er lykilstærð þegar kemur að hagstjórn og ef hægt er að hafa áhrif á hana með ríkisfjármálum er til mikils unnið. Ekki þarf að leggja jafn mikið á peningamálastjórnina þegar um verðbólgu markmið og fljótandi gengi er að ræða og hægt er að hafa áhrif á staðbundna verðbólgu og

raungengið þegar um myntsamstarf og fast gengi er við lýði.

Ef Taylor reglan, sem sýnd er í töflu 7.2, er tekin bókstaflega og útgjaldamargfaldarar hérlendis eru um 0,5 – sem er sennilega vanmat – eins og að meðaltali í Evrópu, mætti lækka stýrivexti um allt að 0,7 prósentustig með því að lækka ríkisútgjöld um 8,8 milljarða króna ($1/34 \times 300$ milljarðar). Hér er miðað við áætluð útgjöld ríkissjóðs árið 2005.¹¹⁸ Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að 0,5 prósentustiga minni aukning eftirspurnar minnki framleiðsluspennuna um 0,5 prósentustig og það eru ekki lítil áhrif frá sjónarhóli hagstjórnarinnar.¹¹⁹

7.4 Verðbólga og raungengi

Mikil verðbólga er óæskileg af mörgum ástæðum og þess vegna hefur verið lagt ofurkapp á að halda henni í skefjum. Ein ástæða er sú að verðbólga hækkar raungengi krónunnar og skerðir samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna.¹²⁰ Ef til að mynda laun í landi A hækka umfram laun í landi B þá rýrnar samkeppnisstaða útflytjandi í landi A. Til að staða hans styrkist aftur þarf nafngengið að veikjast eða hlutfallsleg laun í landi A að lækka. Til að mæla samkeppnisstöðu þjóða er oft notað hugtakið raungengi sem á mælikvarða launa er reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{Raungengi} = (\text{laun innanlands} \times \text{nafngengi}) / \text{laun erlendis}$$

Eins og sjá má á þessari líkingu er í raun hægt að hafa áhrif á raungengið á tvönnan hátt: Með því að breyta launakostnaði innanlands¹²¹ eða með því að breyta nafngenginu.¹²² Augljóst er að land sem er aðili að myntbandalagi þar sem nafngengið er niðurneglt hefur ekki möguleika á að breyta genginu. Raungengið gagnvart öðrum löndum í myntbandalaginu stjórnast því af innlendum launakostnaði sem aftur ræðst af

¹¹⁸ Vanmatið stafar af því að hagkerfi Evrópu eru mun samþættari en Ísland við útlönd. Þannig leiðir eftirspurnarskellur að öllum líkindum til meiri framleiðslulaka á Íslandi en t.d. í Lúxemborg þar sem vinnuafli ferðast auðveldlega yfir landamæri með litlum tilkostnaði. Því ætti eftirspurnarbreyting sem rekja má til breytinga á ríkisútgjöldum að hafa meiri áhrif hér en þar, m.ö.o. ríkisútgjaldamargfaldararnir eru að öllum líkindum stærri á Íslandi.

¹¹⁹ Forsendan hér er að samband hagvaxtar og framleiðsluspennu sé því sem næst einn á móti einum, sem er reyndar ekki hárrétt vegna þess að hagvöxtur er vöxtur raunverulegrar landsframleiðslu en framleiðsluspenna er í hlutfalli við mögulega landsframleiðslu.

¹²⁰ Þetta er reyndar fremur strangt tekið til orða. Raungengið getur verið stöðugt við verðbólgu og hækkandi laun ef nafngengið lætur undan.


¹²¹ Launum má breyta með raunlaunahækkunum í kjarasamningum eða með raunlaunalækkunum sem stafa af verðbólgu.

¹²² Því eins og rakið er í 6. kafla sýnir sagan að erfitt eða ómögulegt er að lækka nafnlaun á Íslandi.

staðbundinni verðbólgu. Hins vegar getur land sem býr við verðbólgu markmið sem hornstein peningamálastefnunnar haft áhrif á nafngengið og þar með raungengið með peningamálaaðgerðum. Nú væri e.t.v. ekki úr vegi að spyrja hvort að afleiðingarnar af þessu séu hinar sömu.

Í landi sem býr við fastgengi er raungengið mun tregbreytanlegra en í landi sem býr við fljótandi gengi. Ástæðan er sú að raunlaun sveiflast mjög hægt og lítið en nafngengi gjaldmiðils getur breyst á svipstundu með tilheyrandi röskun á fjármálastöðugleika eins og rakið er í 3. kafla hér að framan. Til glöggvunar kann að vera gagnlegt að huga stuttlega að þróun raungengis á mælikvarða launa nokkurra landa evrusvæðisins frá því í janúar 1990 til ágúst 2005. Á mynd 7.1 er raungengi landanna sett jafnt 100 í desember 1999 þegar evran tók gildi og gjaldmiðlar þeirra voru festir saman.

Mynd 7.1 Raungengi nokkurra evrulanda, (desember 1999 = 100).



Eins og sést á myndinni hefur raungengið orðið mun tregbreytanlegra eftir að evran var tekin upp (eftir að gjaldmiðlunum var læst saman) í desember 1999. Þannig mælist breytileikastuðullinn (e. *coefficient of variation*) vera um 10,6% að meðaltali í löndunum sem sýnd eru á mynd 7.1 fyrir upptöku evrunnar en 3,7% eftir upptöku hennar. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Lothian og McCarthy (2002) á hegðun raungengis við fljótandi og fast nafngengi.¹²³


Þegar myndin er skoðuð nánar sést að raungengið hefur þróast á mjög mismunandi hátt í löndunum fimm. Þannig hafði raungengið hækkað tæplega 23% meira á Ítalíu í ágúst

¹²³ Lothian, J. R. og McCarthy C. (2002).

2005 frá upptöku evrunnar en í Þýskalandi. Ef við höfum í huga að gengið var jafnt í desember 1999 hljómar þetta sem mikill munur, sérstaklega þar sem að bæði löndin búa við sömu peningamálastefnu og eru kjarnaríki í evrulandi. Ef raungengisjafnan hér að framan er skoðuð má sjá að muninn á þróun raungengis í Þýskalandi og á Ítalíu síðastliðin fimm ár er eingöngu hægt að rekja til mismunandi þróunar raunlauna, því nafngengið er jú fast.

Hægt er að nota hin svokölluðu Balassa-Samuelson áhrif til að skýra verðbólgu- og raungengismun milli landa.¹²⁴ Aðferðin skiptir framleiðslu hvers lands í tvennt; heimavörur og skiptivörur eins og fjallað er um í fjórða kafla. Skiptivörur eru vörur sem verslað er með á heimsmarkaði og búa því við alþjóðasamkeppni. Heimavörur eru einkum þjónusta sem keppir að óverulegu leyti við innflutning og þar sem framleiðniaukning er takmörkuð eða í það minnsta hæg. Verð skiptivara er ákvarðað á alþjóðamarkaði og framleiðnivöxtur í greininni ýtir upp launum. Þar sem starfsmenn geta unnið í báðum greinum þá leiða launahækkarir í samkeppnisgreinum til launahækkana í þjónustugreinunum en þar sem framleiðnivöxtur í þjónustu er minni en í útflutningi þá hækkar verðlag þar. Óbreytt verð á skiptivörum (vegna framleiðniaukningar) en herra verð á þjónustu (vegna framleiðnistöðnunar) leiðir þá til þess að hlutfallsverð þjónustu hækkar. Því meiri framleiðnimunur á milli útflutnings- og þjónustugreinanna, þeim mun herra er verðlagið. Þetta getur verið skýringin á hinum mikla raungengismun sem er á milli Þýskalands og Ítalíu.

Mynd 7.2. Hækkun samræmdrar vísitölu neysluverðs innan Evrópu 2004-2005.



Heimild: Hagstofa Íslands

124

Balassa, B. (1964).

Að lokum er á mynd 7.2 sýnd samræmd verðbólga landa Evrópusambandsins tímabilið ágúst 2004 til ágúst 2005.

Eins og sjá má er mikill munur á verðbólgu innan sambandsins. Þannig var um 1% verðbólga í Finnlandi á tímabilinu en rúmlega 4% í Lúxemborg. Mismunandi verðbólga leiðir óhjákvæmilega til mismunandi þróunar raungengis eins og rakið er hér að framan, því nafngengið er jú fast.

7.5 Miðlunarferli peningastefnunnar

Hér að framan hefur verið rætt um að raungengi og verðbólga geti – þrátt fyrir að lönd séu í myntbandalagi – verið ólík á milli landa. En miðlunarferli peningastefnunnar getur einnig verið misjafnt og sá mismunur getur skapað óstöðugleika. Þegar velt er vöngum yfir hugsanlegri aðild Íslands að myntsamstarfi er því mikilvægt að kanna hvort hin sameiginlega peningamálastefna komi að einhverju leyti fram á annan hátt á Íslandi en í hinum myntsamstarfslöndunum. Ef áhrif stýrivaxtahækkana á framleiðsluspennu og verðbólgu eru lengur – eða skemur – að koma fram á Íslandi en í öðrum evrulöndum þá getur sá munur á tímatöfum leitt til þess að íslenska hagsveiflan verði úr takti við hagsveiflu annarra landa og framleiðsla og verðbólga af þeim sökum orðið sveiflukennari en í öðrum ríkjum myntsamstarfsins. Til að varpa ljósi á þetta er rétt að skoða miðlunarferli peningastefnunnar og í framhaldi af því gaumgæfa hvað gæti verið frábrugðið hér á landi frá stóru löndum sambandsins sem óhjákvæmilega móta peningastefnu sambandsins vegna stærðar sinnar.


Þekking á miðlunarferli peningastefnunnar er gífurlega mikilvæg fyrir framkvæmd hennar og á mynd 7.3 má sjá það ferli sem á sér stað frá því seðlabanki breytir stýrivöxtum og þar til áhrifanna fer að gæta á verðbólgu.

Þegar stýrivöxtum er breytt kemur seðlabanki af stað flóknu og margslungnu ferli sem hefur áhrif á ýmsa þætti hagkerfisins og að lokum á verðbólgu. Eðli málsins samkvæmt líður langur tími frá því vöxtum er breytt og þar til áhrifanna fer að gæta á verðbólgu og seðlabanki verður því að sýna framsýni í aðgerðum sínum til þess að ná árangri í hagstjórn. Í ljósi þess að hagkerfi eru ólík eru viðbrögð efnahagslífsins við vaxtabreytingum ekki endilega þau sömu í ólíkum löndum eða á mismunandi tímum.

Áhrifa breyttra vaxta gæti fyrst á markaðsvexti, eignaverð, peningamagn og útlán, væntingar og trúverðugleika og gengi innlends gjaldmiðils. Flæði stýrivaxtabreytinga um þessa fimm farvegi hefur síðan áhrif á ákvarðanatökur aðila hagkerfisins, einkum þó á eftirspurnarhlið þess. Vegna þess að seðlabanki hvers lands stjórnar peningamagni hefur hann einokunarstöðu á framboðshlið peninga í hagkerfinu og hefur því meiri áhrif á vexti en nokkur önnur fjármálastofnun. Ákvarðanir bankans marka lægstu vexti á fjármálamörkuðum sem aðrir aðilar byggja sínar vaxtaákvæðanir síðan á. Þannig myndar seðlabanki nokkurs konar verðgölf á fjármagn sem hefur aftur áhrif á

vaxtarófið í heild sinni. Stýrivaxtaákvörðanir seðlabanka hafa þannig mótandi áhrif á alla vexti, peningamagn í umferð, eignaverð og síðast en ekki síst framtíðarvæntingar markaðsaðila um þróun ofangreindra hagstærða.

Mynd 7.3 Miðlunarferli peningastefnunnar



Vextir, eignaverð og væntingar hafa því næst áhrif á neyslu og fjárfestingaákvörðanir einstaklinga og fyrirtækja og þar með heildareftirspurn sem á endanum er helsti gangráður verðbólgu, eins og sýnt er á ofangreindri mynd. Til að átta sig betur á miðlunarferli peningastefnunnar er rétt að rekja það öllu ítarlegar.¹²⁵

Markaðsvextir

Fyrstu áhrif stýrivaxtabreytinga koma jafnan fram á peningamarkaði. Skammtímavextir breytast og hafa fljótlega áhrif á lán – og þar með fjárfestingar – og sparnað fyrirtækja og einstaklinga. Neyslumynstrið getur því breyst í kjölfar peningamálaaðgerða. Áhrifin á langtímavexti eru aftur á móti ekki eins augljós. Þar skipta væntingar um þróun skammtímavaxta í framtíðinni miklu máli, þar sem

¹²⁵ Þessi umfjöllun byggir á Þórarni G. Péturssyni (2001), HM Treasury (2003), Axel Hall og Tryggva Þór Herbertssyni (2003), Halldór Benjamín Þorbergssyni og Tryggva Þór Herbertssyni (2005) og M.S.-ritgerð Hörpu Guðnadóttur (2005).

langtímavextir ráðast af vegnu meðaltali núverandi og væntra skammtímavaxta.

Eignaverð

Peningamagnssinnar hreyfa jafnan mótmælum við því að einungis sé litið til þróunar vaxta þegar fjallað er um miðlunarferlið og telja að líta þurfi til annars hlutfallslegs eignaverðs sem hefur áhrif á auðsmyndun og raunstærðir í hagkerfinu. Í því skyni er einkum litið til þriggja kenninga. Fyrst ber að nefna kenningu James Tobin um áhrif peningamálastjórnar á hagkerfið í gegnum afleidd áhrif hennar á verðmat verðbréfa og fasteigna. Í annan stað kenningu Franco Modigliani um jöfnun neyslu yfir æviskeiðið og að síðustu kenningar um að peningamálastefnan stjórni gengi gjaldmiðils sem aftur hafi áhrif á verðmæti og magn inn- og útflutnings þjóða.

Almennt séð myndi hækkun stýrivaxta leiða til minni eftirspurnar eftir fasteignum og þar með verðlækkunar. Ákveðna fyrirvara verður þó að hafa á þessari almennu framsetningu þar sem aðrir áhrifaþættir en vextir geta vegið þyngra í verðmyndun á fasteignamarkaði. Samkvæmt fræðikenningum leiðir hækkun stýrivaxta til þess að þeir vextir hækka sem notaðir eru til að afvaxta verðbréf. Verðbréfin lækka þar með í verði. Á þessu sést að verð útgefina skuldabréfa, sem eru gefin út til styttri og meðallangs tíma, breytist vegna þess að stýrivaxtabreytingarnar munu að öllu jöfnu smitast út í þá vexti sem verðbréf eru afvöxtuð með. Áhrif stýrivaxtabreytinga á langtímaskuldabréf eru óljósari og í samræmi við óljósari tengsl á milli stýrivaxtabreytinga og langtímavaxta. Tengsl hlutabréfaverðs og stýrivaxtabreytinga eru fræðilega séð einnig á þann veg að við stýrivaxtahækkun þá lækkar virði bréfanna. Það gerist vegna hækkandi afvöxtunarstuðuls á framtíðargreiðsluflæði hlutabréfanna, s.s. á arðgreiðslur. Þetta er þó ekki svo einfalt því í verðlagningu hlutabréfa leika framtíðarvæntingar markaðsaðila um þróun annarra stærða einnig stórt hlutverk. Góðæri í hagkerfinu kemur fram í hækkun á hlutabréfaverði vegna væntinga um betri afkomu fyrirtækja. Jafnvel þó að stýrivaxtahækkun geri það að verkum að fræðilega séð verði fýsilegra að fjárfesta í skuldabréfum og þannig komi fram mótverkandi þættir á hækkunar hlutabréfaverðs í uppsveiflunni má búast við því að þessi mótverkandi áhrif séu ekki eins sterk og uppsveifluáhrifin og því verði hækkunar á hlutabréfaverði í kjölfar stýrivaxtahækkunar.

Grunnstefið í kenningu Modiglianis er að neytendur leitist við að dreifa neyslu sinni tiltölulega jafnt yfir ævina. Þeir taka lán snemma á ævinni til að mennta sig og koma undir sig fótunum, greiða lánið til baka er líður á ævina og leggja þá einnig fyrir til elliáranna. Einn mikilvægasti þáttur kenningarinnar er sá að lungi fjárhagslegs auðs einstaklinga sé samsettur úr verðbréfum af ýmsum toga. Þegar vaxtastig lækkar hækka verðgildi bréfanna og fjárhagslegur auður eykst sem að öðru óbreyttu stuðlar að aukinni neyslu.

Peningamagn og útlán

Breytingar á stýrivöxtum seðlabanka hafa áhrif á laust fé í hagkerfinu, en laust fé er skilgreint sem þær fjáreignir sem auðvelt er að skipta yfir í peninga með litlum

fyrirvara og bera lága eða enga vexti, sjá Þórarin G. Pétursson (2001). Við breytingar á stýrivöxtum breytist fórnarkostnaður þess að hafa laust fé; við hækkun þeirra verður dýrara að hafa laust fé undir höndum en að binda það í eignum sem bera vexti. Undir þessum kringumstæðum ætti laust fé í umferð að dragast saman. Þegar vextir lækka verður laust fé að sama skapi hlutfallslega ódýrara en það var fyrir lækkunina og því ætti lækkunin að auka magnið af lausu fé í umferð í hagkerfinu. Þessar breytingar á lausu fé í hagkerfinu geta síðan haft keðjuverkandi áhrif á víðara skilgreint peningamagn í umferð. Þessi áhrif eru þó óljós þar sem líklegt er að vextir á vaxtaberandi eignum muni þróast í samræmi við stýrivaxtabreytinguna. Áhrif fórnarkostnaðarins í þessu samhengi eru því óljós, en í gegnum verðlags-, tekju- og auðsáhrif eru líkur á því að peningamagn í umferð minnki við stýrivaxtahækkun, sjá Þórarin G. Pétursson (2001). Ef minnkun verður á peningamagni í umferð getur það leitt til minnkandi útlána, ekki eingöngu vegna hærri vaxtastigs heldur einnig í kjölfar minnkandi útlánagetu bankakerfisins.

Væntingar og trúverðugleiki

Væntingar eru þungamiðjan í þróun margra hagstærða og gegna þær þýðingarmiklu hlutverki í miðlunarferlinu, ekki hvað síst væntingar um verðbólgu og hagvöxt. Væntingarnar um þróun helstu hagstærða geta breyst á milli tímabila og því er mjög brýnt fyrir stjórnendur peningamála að átta sig á þeim væntingum sem eru ríkjandi hverju sinni.

Trúverðugleiki peningastefnunnar er samofinn væntingum. Þeim mun meiri sem trúverðugleiki seðlabankans er, og þar með peningastefnunnar, því meiri stjórn hefur seðlabankinn á væntingum almennings. Ef seðlabankar njóta mikils trúverðugleika í aðgerðum sínum í peningamálum, er líklegt að almenningur líti stýrivaxtabreytingar réttum augum og bregðist við þeim á þann hátt sem seðlabankinn býst við.

Gengi gjaldmiðla

Margir þættir ákvarða gengi gjaldmiðla og því er ekki hægt að segja með einföldum hætti hver áhrif stýrivaxtabreytinga seðlabanka eru á þróun gengis innlands gjaldmiðils. Miklar skammtímasveiflur einkenna gengi gjaldmiðla sem fljóta og eru stýrivaxtabreytingar hluti af þeim atriðum sem ákvarða þróun gengis þeirra. Samspil þessara áhrifaþátta skipta því miklu máli þegar áhrif stýrivaxtabreytinga á gengisþróun eru skoðuð. Ef óvænt stýrivaxtahækkun verður, án þess að aðrir óvæntir atburðir sem hafa áhrif á gengisþróun eigi sér stað, mun gengi innlands gjaldmiðils styrkjast. Það gerist vegna þess að vaxtahækkunin gerir kaup á innlendum skuldabréfum arðbærari. Aukinn áhugi á innlendri fjárfestingu veldur aukinni eftirspurn eftir innlenda gjaldmiðlinum en það styrkir gengi hans. Styrkingin heldur áfram þar til ónýtt hagnaðartækifæri hverfa en við slíkar aðstæður eru fjárfestar jafn vel settir hvort sem þeir fjárfesta innanlands eða erlendis. Þetta samspil stýrivaxta og gengisþróunar er kallað óvarið vaxtjafnvægi (e. *uncovered interest parity*). Þróun vaxta erlendis, verðbólga, vænt verðbólga og hagvöxtur hafa einnig áhrif á gengisþróun og því er það háð aðstæðum hverju sinni hvort og hversu mikið hækkun stýrivaxta styrkir gengið.

Áhrif á eftirspurn, inn- og útflutning

Eftir að stýrivaxtabreytingin hefur fundið sér leið eftir þessum fimm farvegum tekur hún að hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu, bæði fyrirtækja og heimila. Peningamálastefnan getur einnig mótað ákvarðanatökur hins opinbera en máttur hennar ræðst fyrst og fremst af áhrifum á fyrirtæki og heimili. Það fer því mikið eftir því hvernig uppbygging fjármögnunar er hjá fyrirtækjum og heimilum í hverju ríki fyrir sig, hvernig áhrif vaxtabreytinga skila sér til þessara aðila. Ef mikill munur er á uppbyggingu fjármálakerfa ríkja er líklegt að einnig sé munur á miðlunarferlinu. Breytingar á markaðsvöxtum og eignaverði hafa þannig áhrif á útgjaldahegðun almennings. Við hækkun vaxta er eðlilegt að heimilin dragi úr útgjöldum og fresti því að taka lán til fjárfestinga. Ef t.d. húsnæðislánamarkaður er að miklu leyti byggður upp á skammtímalánum er mjög líklegt að vaxtabreytingar seðlabanka hafi mikil áhrif á fasteignamarkaðinn. Til að mynda er talið líklegt að stýrivaxtabreytingar hafi meiri áhrif í Bretlandi en í evrulöndum, einkum vegna hárra áhvílandi húsnæðislána í Bretlandi og þess hve lántakendur húsnæðislána eru næmir fyrir breytingum á vöxtum. Ef lánamarkaðurinn er tiltölulega aðgengilegur, og stór hluti fólks á sitt eigið húsnæði er líklegt að hækkun húsnæðisverðs muni leiða til þess að neysla aukist í kjölfarið vegna auðsáhrifa og hærra veðhlutfalls, sjá HM Treasury, (2003).

Í gegnum auðsáhrifin munu vaxtabreytingar seðlabanka og áhrif þeirra á hlutabréfaverð einnig hafa áhrif á neyslu. Ef vaxtabreytingarnar leiða af sér hækkunir á hlutabréfamarkaði hefur það að jafnaði hvetjandi áhrif á neyslu. Rannsóknir sýna þó að neysluaukningaráhrifin eru meiri af húsnæðishækkunum en hlutabréfahækkunum, einkum vegna þess að búist er við því að húsnæðishækkunin sé varanlegri en hækkunir á hlutabréfaverði, sjá Þórarin G. Pétursson (2001).

Breytingar á stýrivöxtum og meðfylgjandi breytingar á vaxtakjörum hafa vitaskuld einnig áhrif á lánakjör fyrirtækja. Fjármagnskostnaður fyrirtækja breytist við vaxtabreytingar; eykst við vaxtahækkunir og lækkar við vaxtalækkunir. Fyrirtæki hafa þó annan kost í fjármögnunarleiðum en að taka bankalán, einkum þó stór fyrirtæki sem skráð eru á hlutabréfamarkað eða eiga möguleika á að komast á slíkan markað. Þau geta gefið út hlutabréf eða skuldabréf til að verða sér út um rekstrarfé í stað þess að taka hefðbundin bankalán. Áhrif vaxtabreytinga á fjárfestingaákvörðunir fyrirtækja ráðast einnig af því hversu alþjóðavætt hagkerfið er og þar með hversu góðan aðgang innlend fyrirtæki hafa að erlendum lánamörkuðum.

Áhrif gengisbreytinga

Breytingar á gengi innlands gjaldmiðils í kjölfar stýrivaxtabreytinga geta haft áhrif á hlutfallslegt verð innlendrar og erlendrar vöru. Þegar innlendi gjaldmiðilinn styrkist hækka útflutningsvörur í verði en það leiðir til minni eftirspurnar eftir þeim á erlendum mörkuðum. Innfluttar vörur lækka aftur á móti og því eykst eftirspurn eftir þeim. Margar rannsóknir hafa verið gerðar til þess að skoða þann þátt miðlunarferlisins sem snýr að tengslum gengisbreytinga við breytingar á innflutnings- og útflutningsverðlagi.

Í þessu samhengi skiptir máli hversu auðvelt og fýsilegt það er fyrir innflytjendur og útflytjendur að velta gengisbreytingum út í verðlag. Enda þótt það sé í mörgum tilvikum óhjákvæmilegt fyrir seljendur að velta gengisbreytingum út í verðlag getur einnig komið til álita fyrir þá að taka á sig gengisbreytingarnar og haldi óbreyttu verði.

Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að miðlun gengisbreytinga út í verðlag fari minnkandi, sjá Taylor (2000c), og ekki sé eins auðvelt fyrir seljendur vöru að velta breytingum á gengi innlands gjaldmiðils út í verðlag. Þessi aukna tregða hefur m.a. verið rakin til minna vægis hráefnis og eldsneytis í innflutningi, sjá Campa og Goldberg (2002) og Otani, Shiratsuka og Shirota (2003).

Gengisþróunin getur einnig haft áhrif á eignir og skuldir í hagkerfinu. Hluti eigna og skulda heimila og fyrirtækja er í erlendri mynt og munu breytingar á gengi innlenda gjaldmiðilsins – hvort heldur er um styrkingu eða veikingu að ræða – hafa bein áhrif á virði þessara eigna og skulda. Hækkað gengi innlenda gjaldmiðilsins bætir til að mynda stöðu þeirra sem bera skuldir í erlendri mynt en lækkun gerir stöðu þeirra verri.

Framleiðsla og verðbólga

Áhrif breytinga á heildareftirspurn á framleiðslu ráðast af ýmsum þáttum, einkum hversu tregbreytanlegt verð og nafnlaun eru í hagkerfinu, en þessi tregbreytanleiki er misjafn milli ríkja. Fullur sveigjanleiki myndi leiða til þess að breytingu í eftirspurn yrði samstundis svarað með breyttu verði og áhrif á framleiðslumagn yrðu þá engin. En tregbreytanleiki þessara stærða er staðreynd og þess vegna munu breytingar í heildareftirspurn leiða til breytinga í framleiðslu. Stýrivaxtahækkun leiðir því að öðru óbreyttu til samdráttar í heildareftirspurn fyrir áhrif hækkananna á útgjaldaákvæðanir heimila og fyrirtækja eins og fjallað hefur verið um. Þannig myndu stýrivaxtalækkunir auka heildareftirspurn og ýta þar með undir þenslu. Breytingar á heildareftirspurn hafa síðan bein áhrif á innlenda verðbólgu.

Ástandið í hagkerfinu, þ.e. hvort til staðar er slaki eður ei, skiptir meginmáli fyrir áhrif eftirspurnarbreytinga á framleiðslu. Ef framleiðsla er undir mögulegri framleiðslugetu myndi verð væntanlega lækka mun minna en ef framleiðsluspenna væri til staðar í hagkerfinu og skapa því minni verðbólguþrýsting en ella. Þegar framleiðsluspenna er til staðar í hagkerfinu og eftirspurn fer vaxandi er líklegt að slíkt auki verðbólguþrýsting í kjölfarið.

7.6 Hvað er ólíkt á Íslandi?

Miðlunarferli peningastefnunnar er flókið hvort heldur er fræðilega eða í raunveruleikanum. Þegar til langs tíma er litið hafa peningastærðir lítil áhrif á það hvernig framleiðslan þróast – hún markast af raunstærðum eins og menntun, tækni,

fjárfestingu og alþjóðaviðskiptum.¹²⁶ Peningamálastjórnin hefur aftur á móti áhrif til skamms og meðallangs tíma vegna þeirra áhrifa sem hún hefur á verð og laun. Full ástæða er til að ætla að vaxtabreytingar hafi sums staðar í miðlunarferlinu meiri áhrif á Íslandi en í Evrópu, svo sem áhrif á gengi, en að önnur vaxtaáhrif séu ekki eins sterk. Þær miðlunarleiðir sem hugsanlega eru öru vísi á Íslandi en í Evrópu eru.¹²⁷

- i) Tengsl stýrivaxtabreytinga seðlabanka og skammtímavaxta hafa reynst veikari á Íslandi en í mörgum öðrum ríkjum, sjá Jón Steinsson (2004). Samband skammtíma- og langtímavaxta hér á landi er einnig flóknara vegna þeirrar sérstöðu lánamarkaðarins sem felst í því að mikill meirihluti langtímalána er verðtryggður. Seðlabanki Íslands á því erfiðara með að stýra eftirspurn og verðbólgu í hagkerfinu með stýrivaxtabreytingum sínum en gengur og gerist á meginlandinu.
- ii) Neysluáhrif vegna breytinga á fjármálalegum eignum eru sennilega meiri hér á landi en í stóru evrulöndunum vegna hinna miklu eigna lífeyrissjóðanna en eignir þeirra námu um 120% að landsframleiðslunni um mitt ár 2005. Hins ber þó að gæta að eignir sérhvers einstaklings eru bundnar til eftirlaunaáranna þannig að þessi áhrif eru sennilega óveruleg.
